

# ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

## Veiðifélag Laxár á Ásum

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Þorgils Torfi Jónsson framkvæmdarstjóri

Órlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður

Ár 2011, mánudaginn 29. ágúst kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman í Reykjavík. Mættir voru Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Þorgils Torfi Jónsson framkvæmdarstjóri.

Fyrir var tekið:

**Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir veiðifélag Laxár á Ásum.**

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

## úrskurður:

### 1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 30. október 2007, fór stjórn Veiðifélags Laxár á Ásum þess á leit við matsnefnd, í samræmi við ákv. 1. mgr. 45. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, að gerð yrði ný arðskrá fyrir Laxá á Ásum. Kemur fram í bréfinu að beiðnin sé sett fram í framhaldi af kröfu eiganda Hjaltabakka, sem hann hafi sett fram með vísan til heimildar í 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Í framhaldi þessa, og í samræmi við ákvæði greindra laga, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

### 2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn 17. janúar 2009 á Blönduósi. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins og skorað á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Þá var og spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki. Engar athugasemdir komu fram þar um á fundinum en fulltrúi Hjaltabakka áskildi sér rétt til að setja slíkar athugasemdir fram í skriflegri greinargerð til nefndarinnar. Á fundinum bentu nefndarmenn á að landeigendum gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri og gætu þeir þá á sama hátt komið fram með athugasemdir varðandi framangreinda þætti. Einnig var fundarmönnum boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn og þáðu eftirtaldir það boð: Kristín Breiðfjörð Kristinsdóttir, Hurðarbaki og Kristján Sigfússon, Húnsstöðum.

### **3. Vettvangsganga o.fl.**

Laxá á Ásum er bergvatnsá sem kemur úr Laxárvatni, en í Laxárvatn rennur Fremri-Laxá úr Svínavatni. Laxá á Ásum sameinast Vatnsdalsá í Húnavatni og sameinaðar renna árnar til sjávar um Húnaós. Veitt er á tvær stangir í Laxá á Ásum og er veiðitímabilið frá 30. júní til 10. september ár hvert.

Með bréfi matsnefndar, dags. 5. ágúst 2009, var veiðiréttareigendum tilkynnt að nefndin færi í formlega vettvangsgöngu með ánni 25. eða 26. ágúst 2009 og að þeim gæfist kostur á að hitta nefndarmenn og tjá sig um hugsanleg ágreiningsatriði í tengslum við hana. Nefndin hafði áður farið í óformlega skoðunarferð með Laxá hinn 24. september 2008 ásamt formanni veiðifélagsins, Páli Þórðarsyni, og Kristjáni Sigfússyni á Húnsstöðum. Í vettvangsgöngunni, sem farin var 25. ágúst 2009, eða í kjölfar hennar, hittu matsmenn og ræddu við eftirgreinda veiðiréttareigendur og hlustuðu á sjónarmið þeirra: Odd C. G. Hjaltason, f.h. Hjaltabakka, Pálma Þór Ingimarsson, Árholti, Þorgrím E. Pálmason, Holti, Pál Þórðarson, Pál Á. Jónsson, Hauk Pálsson og Stefán Pálsson, f.h. Sauðaness, Röðuls, Laxabrekku og Mánafoffs.

### **4. Um veiðifélagið**

Nafn félagsins er Veiðifélag Laxár á Ásum. Félagið starfar samkvæmt samþykktum nr. 390/2008, sem staðfestar voru af Landbúnaðarstofnun 1. apríl 2008 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda 23. apríl sama ár.

Í 3. gr. samþykktanna kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur jarða eða landareigna, sem land eiga að eða veiðirétt í Laxá á Ásum, frá Húnaósi í sjó að Laxárvatni. Jarðir þessar séu: Skinnastaðir, Hjaltabakki, Húnsstaðir, Holt, Árholt, Laxholt, Hnjúkar, Sauðanes, Röðull, Laxabrekka, Mánafoffs, Hurðarbak, Hurðarbak II og Hamrakot. Félagið starfar sem sjálfstæð deild Veiðifélagsins Orra, sem er veiðifélag um vatnasvæði Laxár á Ásum, Laxárvatns, Fremri-Laxár, Svínavatns, Svínadalsár og Sléttár.

Samkvæmt 4. gr. samþykktanna er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafi henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Einnig beri félaginu að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá sé félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktunaráætlun á hverjum tíma.

Í 12. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Jafnframt að félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

## 5. Rekstur veiðivatna

Samkvæmt samningi frá árinu 2010 leigir Veiðifélag Laxár á Ásum Lax-á ehf. allan rétt til stangveiði í Laxá á Ásum, frá veiðimörkum neðan laxastiga við Laxárvatn að veiðimörkum í Húnavatni, veiðitímabilin 2010 og 2011. Með í leigunni fylgja afnot af veiðihúsi veiðifélagsins. Árlegt grunnleigugjald er 21.000.000 króna, en leigugjaldið skal taka breytingum í samræmi við breytingar á gengi tiltekinna gjaldmiðla og vísitölu á tiltekinn hátt. Fram kemur að sami leigutaki hafi haft ána á leigu frá árinu 2003. Samkvæmt ársreikningum veiðifélagsins fyrir árin 2009 og 2010 voru tekjur vegna leigu árinna á árinu 2009 samtals 21.000.000 króna en á árinu 2010 voru þær 21.363.370 krónur. Arðgreiðslur til félagsmanna voru 15.400.000 krónur árið 2009 og 15.632.388 krónur árið 2010.

## 6. Sjónarmið eigenda veiðiréttar

Eins og áður var vikið að í kafla 3, og í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga, afhentu matsmenn viðstöddum veiðiréttareigendum, á matsfundi hinn 17. janúar 2009, bréf um að þeim væri gefinn kostur á að senda til nefndarinnar skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréfið og sent í pósti til þeirra er ekki voru viðstaddir. Bárust nefndinni fjölmörg bréf frá eigendum ásamt ítarlegum gögnum. Hér á eftir verður vikið að þessum sjónarmiðum.

### 6.1 Hjaltabakki

Eigandi Hjaltabakka sendi matsnefnd ítarlega greinargerð um kröfur sínar og sjónarmið, dags. 25. apríl 2009. Þykir rétt að taka kröfugerðina úr greinargerðinni hér orðrétt upp í heild sinni og er hún svohljóðandi:

„1. Eigandi Hjaltabakka gerir ytrustu kröfur til matsmanna, m.a. að farið sé að lögum og reglugerðum varðandi alla þætti og matsliði sem málið varðar í nýju arðskrármati um Laxá á Ásum. Tekið sé tillit til allra fiskistofna og fiskihverfa í Hólmakvísl og Húnavatni, sem tilheyra öllu vatnasvæði Laxár á Ásum.

2. Hlutdeild Laxár af ósasvæði árinna, Hólmakvísl og neðri hluti ósasvæðis í Húnavatni, verði metin að fullu í formi arðs inn í Veiðifélag Laxár á Ásum.

3. Netaveiði í Hólmakvísl og Húnavatni. Fullt tillit verði tekið til aðstöðu til netaveiði í Hólmakvísl og Húnavatni niður að Húnaósi í sjó, þ.e. í landi sem er eingöngu í eigu Hjaltabakka, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, sem segir m.a.: „Við niðurbjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni

skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangaveiði.“ Ennfremur er þess krafist að tekið sé fullt tillit til réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegra veiða, eins og segir til um í e. lið 4. gr. í reglugerð nr. 412 um arðskrár veiðifélaga.

4. Aðstaða til netaveiða fyrir landi Hjaltabakka í Laxá á Ásum. Fullt tillit verði tekið til aðstöðu til netaveiða í Laxá á Ásum fyrir landi Hjaltabakka, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Ennfremur er þess krafist að veiðitölur netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegra veiða í Dulsum og öðrum veiðistöðum fyrir landi Hjaltabakka, verði metnar inn í arðskrá félagsins, eins og segir til um í e. lið 4. gr. í reglugerð um arðskrár veiðifélaga.

5. Við mat á aðstöðu til netaveiða, liður 3 og 4, verði tekið viðmið af samningum sem voru gerðir annars vegar við veiðiréttarhafa í Hvítá í Borgarfirði og hins vegar í Hvítá í Ölfusi.

6. Aðstaða til stangaveiða. Matsmenn meti að fullu framlag Hjaltabakka til aðstöðu stangaveiða, á sameiginlegu ósasvæði Laxár og Vatnsdalsár, frá ósi Laxár í Húnavatni og að landamerkjum ofan Krókhyls, m.a. vegna aðstöðu fyrir vegastæði, gott aðgengi að veiðistöðum, fjölda veiðistaða, svo og þá staðreynd að aðstaða og aðgengi á neðra svæðinu er betri en á efra svæðinu ofan Krókhyls. Tekið sé tillit til þeirra staðreynda, við mat sbr. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 61/2006, að veiðitala hefur lækkað verulega fyrir landi Hjaltabakka vegna ákvörðunar veiðifélagsins um veiði, m.a. veiðitíma, upptöku neta, ákvörðun um fjölda stanga og að nú er maðkaveiði bönnuð. Allar þessar ákvarðanir leiða til þess að veiðitala skerðist verulega fyrir landi Hjaltabakka og hækkar að sama skapi ofar í ánni. Eigendur neðri hluta Laxár hafa ekki tækifæri á að fullnýta eigin auðlind og það ber að bæta í mati.

7. Landlengd. Fullt tillit verði tekið til allrar landlengdar á bökkum í landi Hjaltabakka við Húnavatn, í Laxá á Ásum, við Hjaltabakkahólma og báða bakka Hólmakvíslar niður að Húnaósi í sjó. Viðurkennt er að Hjaltabakki á (i) allan bakka Hjaltabakkahólma, (ii) báða bakka Hólmakvíslar, (iii) vesturbakka Húnavatns við Hjaltabakkahólma og norðvesturbakka Húnavatns við suðausturodda Granda upp að ós Laxár á Ásum. Hlutdeild Hjaltabakka í landlengd verði hækkuð um 4924 metra í arðskrá, eða að lágmarki í 35,5% af heildarlandlengd árinna. Gerð er krafa um að landlengd verði mæld að nýju á svæðinu og mesta melda landlengd notuð frá matsbeiðni, eða til vara meðaltal síðustu 20 ára verði notað sem viðmið við mælingar á landlengd Hólmakvíslar inn í arðskrá Laxár á Ásum.

8. Vatnsmagn verði einn af matsliðum í nýju arðskrármati um Laxá á Ásum eins og gert er ráð fyrir í f) lið 4. gr. reglugerðar nr. 412.

9. Eigandi Hjaltabakka gerir kröfu um að sérstakt mat fari fram á því hvaða áhrif miðlun vatns og lítið vatnsmagn ofan við rafveituskurð upp að Laxárvatni hafi á lífríkið og allt vatnasvæði Laxár. Eigandi veitu greiði kostnað við matið.

10. Rafveituskurður. Afrennslisskurður frá Laxárvirkjun (rafveituskurður) sé ekki metinn með neinum hætti inn í arðskrá Veiðifélags Laxár á Ásum.

11. Veiðistaðagerð, Tumi, Skotti og Laxapollur. Arði af aðstöðu til veiða á þessum veiðistöðum og vegagerð fyrir landi Sauðaness (aðstaða til stangaveiða) verði deilt niður á alla veiðiréttarhafa í hlutfalli við eignarrétt þeirra í félaginu, þar sem allir veiðiréttarhafar greiddu fyrir þessar framkvæmdir.

12. Málskostnaður verði felldur niður hjá eiganda Hjaltabakka, sbr. 47. gr. laga nr. 61/2006, m.a. vegna meintra ólöglegra aðgerða og lélegra vinnubragða yfirmatsmanna í síðasta yfirmati um Laxá á Ásum (Guðmundur Jónsson og fleiri, 1994). Eigandi Hjaltabakka var tilneyddur til að óska eftir mati, m.a. þegar matsmenn meta ekki inn í arðskrá vatnasvæði á neðri hluta ósasvæðisins sem er skráð sem umdæmi í samþykktum Veiðifélags Laxár á Ásum, né auka landlengd vegna 4 slægnahólma og arðshlutdeild Hjaltabakka er 1,7% minni en arður annarra veiðiréttarhafa, sem land eiga á móti Hjaltabakka.

13. Matsmenn svari til um hvort löglega sé staðið að mati um arðskrármöt á vatnasvæðinu, m.a. vegna matsliðarins um aðstöðu til netaveiða. Eigandi Hjaltabakka telur t.d. að aðstaða til netaveiða á ósasvæðinu myndi framlag til veiðivatna eins og Giljár og Fremri Laxár og að hann eigi að njóta arðs af framlagi sínu til veiðivatnanna.

14. Eigandi Hjaltabakka hefur í huga að stofna nýtt veiðifélag, Veiðifélag Hólmakvíslar, um vatnasvæði Hólmakvíslar. Veiðifélag Hólmakvíslar mun þá starfa sem sérstök deild innan réttmæts veiðifélags samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, eða leigja veiðiréttinn til annarra lögglegra veiðifélaga á vatnasvæðinu. Umdæmi Veiðifélags Hólmakvíslar, samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 61/2006 tekur til vestur- og austurbakka Hólmakvíslar frá ós Hólmakvíslar úr Húnavatni og niður að Húnaós í sjó. Eigandi Hjaltabakka er eini veiðiréttarhafinn á vatnasvæði Hólmakvíslar. Þar sem eigandi Hjaltabakka hefur ekki tekið ákvörðun um hvaða veiðifélagi Hólmakvísl tilheyrir, þá er þess krafist að matsmenn sundurliði mat á arðskrá í tvo hluta. Arði Hjaltabakka á arðskrá verði skipt í tvo liði (i) annars vegar allt vatnasvæði Laxár á Ásum niður að ós Hólmakvíslar úr Húnavatni og (ii) hins vegar vatnasvæði Hólmakvíslar. Fallist matsmenn ekki á þessa kröfu eiganda Hjaltabakka, þá er gerð krafa um að vatnasvæði Hólmakvíslar sé undanskilið í arðskrá Veiðifélags Laxár á Ásum, sbr. lið (ii) hér að framan. Þegar ný arðskrá liggur fyrir, bæði fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár og Veiðifélag Laxár á Ásum, mun félagsfundur Veiðifélags Hólmakvíslar ákveða hvort félagið verði rekið sem sjálfstætt félag um stangaveiði á félagssvæðinu, eða hvort veiðirétturinn verði framseldur í samræmi við ný arðskrármöt, bæði til Veiðifélags Laxár á Ásum og Veiðifélags Vatnsdalsár, þar sem um er að ræða mörg fiskihverfi samkvæmt 1. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

15. Gerð er krafa til matsnefndar að nefndarmenn rökstyðji allar ákvarðanir sem ganga gegn kröfum eiganda Hjaltabakka um nýtt arðskrármat og fari þar eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, m.a. 4. mgr. 21. gr., 22. gr. og 31. gr.

16. Eigandi Hjaltabakka óskar eftir vettvangsskoðun með matsnefndinni, án íhlutunar annarra veiðiréttarhafa, á lágflæði stærsta stórstraums. Matsnefnd boðar fundinn.

17. Eigandi Hjaltabakka áskilur sér rétt til að koma með nánari kröfur og athugasemdir, þar sem Veiðifélag Laxár á Ásum hefur ekki sent gögn til eiganda Hjaltabakka, sem send voru til matsnefndarinnar. Veiðifélagið hefur heldur ekki sent afrit af fundargerð matsfundar til eiganda Hjaltabakka og það á ennfremur við um önnur gögn og fundargerðir.

18. Eigandi Hjaltabakka gerir kröfur um að matsnefnd gefi upp vægi matsliða í matsgerð og rökstyðji hvernig það er fundið.

19. Hlutdeild Hjaltabakka í arðskrá Laxár á Ásum verði metin að lágmarki 35,5%.“

Af hálfu Hjaltabakka er vísað til þess að í matsgerð Karls Ómars Jónssonar og Kristins Einarssonar frá árinu 1991 hafi ós Laxár á Ásum verið skilgreindur með endanlegum hætti, sbr. 94. gr. laga nr. 76/1970. Sé í matsgerðinni meðal annars kveðið á um að neðra ósasvæði árið tilheyri sameiginlega Laxá á Ásum og Vatnsdalsá. Vísar eigandinn til þess að Húnavatn, sameiginlegt vatnasvæði Laxár á Ásum, Hnausakvíslar og Giljár, sé vatn samkvæmt skilgreiningu 18. tl. 3. gr. vatnalaga nr. 20/2006, sem taka munu gildi 31. október 2011, og 43. tl. 3. gr. laga nr. 61/2006.

Í 3. gr. samþykktu veiðifélaga Vatnsdalsár og Laxár á Ásum komi fram að umdæmi þeirra beggja nái frá efri mörkum beggja félagssvæða niður að Húnaósi í sjó. Öll fiskihverfi í báðum ám endi úti í sjó, enda gangi allir laxfiskar úr sjó, utan einstaka urriðastofn. Allar tilraunir til að skipta ósasvæðinu séu eignaupptaka og brjóti í bága við eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þess sé því krafist að allt ósasvæðið verði metið inn í arðskrá Veiðifélags Laxár á Ásum, svo sem landlengd, uppeldisskilyrði og aðstaða til stanga- og netaveiða. Þá sé vakin athygli á að frá árinu 1937 hafi bæði framangreind veiðifélög bannað alla veiði fyrir landi Hjaltabakka á ósasvæði Húnavatns og Hólmakvíslar. Þegar þannig hátti til, og eiganda sé því fyrirmunað að veiða í net eða á stöng vegna ákvörðunar veiðifélags, sé um að ræða bótaskylda skerðingu veiðiréttar, sem meðal annars sé unnt að bæta í formi arðs, sbr. 49. gr. laga nr. 61/2006.

Varðandi landlengd að veiðivatni sé á það bent að eigandi Hjaltabakka hafi í gildandi yfirmati frá 1994 ekki fengið metna neina landlengd í arðskrá Laxár á

Ásum, frá Húnaósi í sjó upp að línu sem dregin hafi verið frá suðausturodda Granda yfir í Torfalæk, rétt ofan miðju ósasvæðisins. Hafi niðurstaða yfirmatsmanna að þessu leyti gengið þvert á niðurstöðu matsmanna um að ósasvæðið sé sameiginlegt fyrir Laxá á Ásum og Vatnsdalsá. Þar sem Húnaós sé á töluverðri hreyfingu þá sé landlengd þar breytileg milli ára. Sé því eðlilegast að landlengd Hólmakvíslar verði mæld sem meðaltal síðustu 20 ára fyrir matsbeiðni, eða árunna 1989-2009. Gögn varðandi þetta séu fyrir hendi hjá Landmælingum Íslands. Í raun sé það svo að eiganda Hjaltabakka sé heimilt, á grundvelli ákv. 14. gr. vatnalaga nr. 20/2006, að halda ósasvæðinu þannig með framkvæmdum að árfarvegurinn, og þar með landlengd Hólmakvíslar, verði eins og hann hafi lengstur verið á síðustu 20 árum. Ljóst sé að við þá 6.470 metra í landlengd, sem tekið hafi verið tillit til í gildandi yfirmati sem landlengdar Hjaltabakka við Laxá og 713 metra við Húnavatn, eða alls 7.183 metra, eigi því að bætast 4.924 metrar vegna framangreinds svæðis á ósasvæðinu þar sem hægt sé að veiða lax sem gangi upp í Laxá á Ásum og Hjaltabakki hafi ekki fengið metna til arðs í síðasta mati. Sé þá við það miðað að við bætist báðir bakkar Hólmakvíslar niður að Húnaósi, bakki Hjaltabakkahólma og bakkar í Húnavatni. Landlengd Hjaltabakka eigi því alls að vera 34.142 metrar, eða 35,5% miðað við kort Landmælinga Íslands frá árinu 1984-1992. Því til viðbótar beri einnig að telja til Hjaltabakka í þessu tilliti fjóra sláttuhólma, neðan Krókhyls, enda segi svo í landamerkjabréfi Hjaltabakka frá árinu 1891: „Ennfremur á Hjaltabakki ... og 4 slægnahólma, sem liggja í Laxá nokkru neðan við Krókhyl.“ Gönguleið laxa sé yfirleitt í landi Hjaltabakka við framangreinda hólma og því ætti eigandi Hjaltabakka að fá landlengd metna báðum megin þar sem hólmanir séu. Um vægi landlengdar í arðskrármati sé gerð sú krafa að landlengd fái meira vægi við þetta arðskrármat en áður hafi tíðkast. Sé í því sambandi rétt að horfa til þess að framlag söluverðmæta fyrir landi Hjaltabakka sé 25% af heildararði Laxár, án þess að tekið sé tillit til ósasvæðisins. Þá sé tölfræðileg marktækni búsvæðamats og vinnubrögð við vinnslu þess með þeim hætti að það geti ekki talist marktækt og eigi því að fá minna vægi en í síðasta mati. Verði að teljast eðlilegast að hlutdeild landlengdar í arðskrá verði fremur yfir 50% en 30% eins og verið hafi í fyrri mötum.

Varðandi aðstöðu til stangveiði bendir eigandinn á að veiðifélög beggja ána, Laxár á Ásum og Vatnsdalsár, hafi allt frá árinu 1937 bannað alla veiði fyrir landi Hjaltabakka á ósasvæði Húnavatns og Hólmakvíslar, sem sé sameiginlegt umdæmi veiðifélaganna samkvæmt samþykktum þeirra. Ákvarðanir Veiðifélags Laxár á Ásum um þetta bann, auk ákvörðunar um að veiða eingöngu með tveimur stöngum á félagssvæði Laxár, breyta veiðiaðferðum og að veiðitími sé til 5. september, leiði til þess að veiðitala skerðist verulega fyrir landi Hjaltabakka umfram aðrar jarðir. Í 2. mgr. 49. gr. laga nr. 61/2006 sé kveðið á um að leiði



ákvörðun veiðifélags til þess að veiðiréttarhafi verði fyrir tjóni umfram aðra skuli hann eiga rétt á bótum frá öðrum félagsmönnum. Bæta megi slíkt tjón t.d. með því að úthluta veiðiréttarhafa auknum arði í arðskrá.

Neðri hluti ósasvæðisins hafi verið skilinn eftir án arðs í yfirmati um Laxá á Ásum árið 1994. Matsmenn hafi dregið línu þvert yfir Húnavatn til að afmarka endamörk Veiðifélags Laxár á Ásum, þrátt fyrir að samþykktir félagsins segi til um að félagssvæðið nái niður í Húnaós. Hafi rökstuðningur matsmanna verið að veiðifélögin ættu að koma sér saman um skiptingu á ósasvæðinu. Sé eiganda Hjaltabakka þannig fyrirumnað að veiða lax sem sé að ganga í Laxá, í Hólmakvísl og á svæðinu kringum Hjaltabakkahólma að fyrrnefndri línu, og sé þannig brotið gegn stjórnarskrárbundnum eignarrétti hans skv. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Framangreind krafa um að Hólmakvísl verði sérstakur matsliður í mati á ósasvæðinu byggist á því að eigandi Hjaltabakka sé búinn að segja Hólmakvísl úr veiðifélögum Laxár á Ásum og Vatnsdalsár og ekkert liggi fyrir um hvernig svæðið verði nýtt í framtíðinni.

Gönguleið laxfiska á leið úr sjó í Laxá á Ásum sé um Húnaós, þaðan í Hólmakvísl, þá að mestu meðfram austanverðum Hjaltabakkahólma og að lokum með vatnsbakka Húnavatns að sunnanverðu og upp í Laxá. Dýpi Húnavatns, og þar með gönguleið laxfiska, megi greina á loftmynd af svæðinu sem fengin hafi verið á vef Fasteignamats ríkisins, fmr.is, á árinu 2009. Dökkur litur á myndinni sé merki um meira dýpi og hvar mesti straumur vatns sé í Húnavatni, m.a. vatns sem komi úr Laxá á Ásum. Á stórstraumsfjöru renni Laxá með austurbakka Húnavatns. Þar sé meirihluti sandeyranna í Húnavatni, ljósgrár á litinn á loftmynd, á þurru á stórstraumsfjöru. Margir stangveiðimenn telji neðri hluta ósasvæðisins eitt af bestu ósasvæðum sem til séu hérlendis. Svæðið sé eitt samfellt veiðisvæði frá ósi í sjó upp fyrir Hjaltabakkahólma. Aðstaða til að veiða lax á efsta hluta ósasvæðisins sé einnig þokkaleg. Svæðið sé eftirsótt, einkum fyrrihluta sumars, vegna mikillar silungsveiði á þessum stað. Veiðar við og neðan við Hjaltabakkahólma séu stundaðar í þó nokkrum mæli af veiðimönnum á silungasvæði Vatnsdalsár, þrátt fyrir bann veiðifélaganna þar um. Hluta þessa afla eigi að skrá í veiðibækur Laxár en ekki í veiðibækur Vatnsdalsár. Staðhættir við Hólmakvísl séu áþekkir mörgum öðrum veiðisvæðum þar sem leyft sé að veiða á stöng, eins og t.d. neðsta hluta Laxár í Þingeyjarsýslu, fyrir neðan Æðafossa, og í Straununum við ármót Hvítár og Norðurár. Á ósasvæðinu megi auðveldlega hafa fjórar stangir, tvær í Hólmakvísl og tvær við Hjaltabakkahólma. Ef seld yrðu stangveiðileyfi á þessu svæði, miðað við 15.000 krónur á dag í 90 daga, megi ætla að söluverðmæti væri ekki undir 5,4 milljónum króna á ári og miðað við að hlutdeild Veiðifélags Laxár gæti numið 1/3 til 2/5 hlutum af söluverðinu megi

varlega áætla að hlutur Hjaltabakka vegna veiðifélags Laxár á Ásum yrði á bilinu 1,7-2,2 milljónir króna á ári. Yrðu allar lagaheimildir til lengri veiðitíma hins vegar nýttar til hins ýtrasta, þannig að veiðidagar yrðu allt að 120, megi hækka þessa áætlun töluvert. Miðað við að árlegar arðgreiðslur til Veiðifélags Laxár á Ásum séu 20 milljónir króna, og framlegð þessa ósasvæðis 2 milljónir, þá væri hlutdeild ósasvæðisins í heildararði Laxár um 8%. Væri arður til Hjaltabakka í Laxá 26,1%, eins og hlutdeild annarra jarða sem land eigi á móti Hjaltabakka, þá væri heildarhlutdeild jarðarinnar 35,1% í arðskrá Veiðifélags Laxár, án framlegðar frá upptöku neta og annarrar aðstöðu í landi Hjaltabakka til veiða í Laxá.

Fyrir liggir að aðstaða í landi Hjaltabakka, frá efri mörkum ósasvæðisins og upp að landamerkjum jarðarinnar ofan við Krókhyl, sé afar góð og mun betri en annarra jarða sem land eigi á móti Hjaltabakka. Aðgengi að ánni sé að mestu leyti í landi Hjaltabakka, bæði hvað varði vegagerð og einnig að veitt sé þaðan í flestum tilvikum. Beri að hafa þetta í huga við úthlutun arðs. Þá verði einnig að líta til þess, þegar lagt sé mat á fyrirliggjandi upplýsingar um skiptingu veiði, að einungis sé veitt með tveimur stöngum í Laxá, sem leiði til þess að veiðitala hækki fremur í efri hluta árinna og líkur séu á að þessi stangafjöldi, hátt hlutfall veiddra laxa á stöng hverju sinni, lengd árinna og mismunandi möguleikar veiðimanna til að komast að einstökum veiðistöðum dragi úr dreifingu veiðinnar milli veiðistaðanna og þar með jarðanna.

Vísað sé til þess að aðstaða og aðgengi að efri hluta árinna, ofan við Rafveituskurð, hafi verið bætt á síðustu tveimur áratugum, annars vegar með vegagerð og hins vegar með því að búa til tvo nýja veiðistaði, Tuma og Skotta. Hafi kostnaður við þessar aðgerðir verið greiddur af Veiðifélagi Laxár á Ásum og hafi greiðsla hvers landeiganda verið í hlutfalli við þann arð sem hann fái frá félaginu. Eigandi Hjaltabakka hafi aldrei samþykkt þessar aðgerðir, enda telji hann óeðlilegt að allir veiðiréttarhafar í Laxá eigi að leggja fram fé til að auka arð annarra veiðiréttarhafa. Þess sé því krafist að veiðitölu þessara staða verði dreift á aðra veiðiréttarhafa árinna, svo og vegna nýrrar aðstöðu er fylgt hafi vegagerð.

Loks sé á því byggt að ákvörðun veiðifélagsins um að banna maðkaveiði í Laxá um ókominn tíma og leyfa eingöngu fluguveiði hafi haft veruleg áhrif til lækkunar á veiðitölu fyrir landi Hjaltabakka, einkum á veiðistaðnum Dulsum, á veiðistöðum neðan Dulsu og á veiðisvæðinu kringum Ullarfoss. Hafi Dulsar verið með langhæstu veiðitölu á maðk áður en ákvörðun veiðifélagsins hafi tekið gildi. Þá sé ljóst að lenging veiðitímans, t.d. til 1. október í stað 5. september, myndi hækka hlutfall veiddra laxa í neðri hluta árinna þar sem stór hluti laxa frá efra svæðinu gangi niður á það neðra til hrygningar í september.

Um netaveiði sé það hins vegar að segja að hún hafi frá ómunatíð verið stunduð í Húnavatni af kirkjujörðunum Þingeyraklaustri og Hjaltabakka. Skráðar heimildir, m.a. bókinn Laxá á Ásum, eftir Pál A. Pálsson o.fl., og hlunnindaskýrslur fyrir Torfalækjarhrepp, sem geymdar séu hjá Þjóðskjalasafni, hermi að netaveiði hafi verið stunduð frá landi Hjaltabakka frá fyrri hluta 14. aldar og allt fram til ársins 1935. Á fyrri hluta 20. aldar hafi þessi veiði aðallega verið stunduð af eigendum Húnsstaða og Hjaltabakka. Hafi hún aðallega verið stunduð í Dulsum fyrri hluta sumars en síðari hluta sumars hafi hún færst ofar, allt að Krókhyll. Í nokkrum tilvikum hafi eigandi Hjaltabakka einnig farið til veiða á ósasvæðinu, einkum á svæðinu við Hjaltabakkahólma. Netaveiði í Húnaósi og Húnavatni hafi aðallega verið stunduð frá Hjaltabakka árin 1929 til 1937. Megi af hlunnindaskýrslum sjá að Hjaltabakki og Húnsstaðir hafi að meðaltali verið með um 85% af heildarveiðinni í ánni.

Í Hólmakvísl sé hægt að leggja net á tveimur til þremur stöðum án mikillar fyrirhafnar. Aðstaðan í Húnavatni sé þó mun betri og sé þannig hægt að leggja fjölda neta út frá Hjaltabakkahólma í kvíslarnar beggja vegna hólmans. Gönguleið laxa úr sjó í Húnavatn sé um Hólmakvísl, þaðan í Húnavatn meðfram báðum bökkum Hjaltabakkahólma og síðan með austurbakka Húnavatns upp í Laxá á Ásum. Gönguleið laxa í Vatnsdalsá sé aðallega með vesturbakka Hjaltabakkahólma, en að hluta til með austurbakkanum. Möguleikar á að veiða lax í net á þessu svæði séu miklir. Í skýrslu Veiðimálastofnunar, Lax- og silungsveiðin 2006, sé fjallað um áhrif á veiðitölur vegna uppkaupa netaveiða á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði. Komi þar fram að upptaka neta hafi leitt til aukningar á veiði í hliðarám Hvítár og sé bein aukning þar metin 26,2%, en heildaraukning sé á bilinu 28,3 til 34,7%. Aðstaða í Hólmakvísl sé mun betri en við Hvítá, bæði vegna minna vatnsmagns og þess að auðveldara sé að leggja net í Hólmakvísl. Aðstaða til netaveiði á ósasvæði Vatnsdalsár, í landi Hjaltabakka, sé afar góð og verði að telja varlega áætlað að hægt væri að veiða í lagnet um 30-35% af laxfiski sem gengi af ósasvæðinu upp í Vatnsdalsá væri veiðin stunduð alla daga vikunnar. Enn betri aðstaða til netaveiði sé fyrir hendi á vatnasvæði Húnavatns og Hólmakvíslar. Netaveiði sem væri eingöngu stunduð á ósasvæði Vatnsdalsár myndi lækka veiðitölu vegna stangveiði verulega í öllum laxveiðiám sem tengist vatnasvæði Húnavatns, miðað við að rannsókn Veiðimálastofnunar sé marktæk. Verð á seldum veiðileyfum myndi líklega lækka hlutfallslega enn meira, eða allt að 40-50% í ám á vatnasvæðinu. Miðað við sögulegar heimildir, rannsóknir Veiðimálastofnunar á hækkun veiðitölu á stangarveiddum laxi ef net eru tekin upp, hlunnindaskýrslur og aðstöðu til netaveiða á ósasvæðinu, sé líklega varlega áætlað að hlutdeild Hjaltabakka í mögulegri netaveiði í Laxá á Ásum sé

samtals 62,13% af mögulegri heildarnetaveiði á vatnasvæði Laxár og ósasvæðinu. Ætla megi að hlutdeild Hjaltabakka vegna góðrar aðstöðu til netaveiða á ósasvæðinu sé auðveldlega hægt að meta sem 35% af heildarnetaveiði í ánni. Hlutdeild Hjaltabakka af 65% veiðitölu sem yrði eftir í Laxá sé um 41,72% af 65%, eða 27,13%. Hlutdeild Hjaltabakka í aðstöðu til netaveiða á ósasvæðinu og veiðitölu vegna sögulegrar netaveiði sé því 35% + 27,13%, eða 62,13%.

Uptaka neta sé framlag eigenda veiðiréttar til að auka arðgreiðslur heildarinnar. Samkvæmt munnlegum upplýsingum sem talsmaður landeiganda hafi aflað sér hafi verið gerður samningur um upptöku neta úr Hvítá í Borgarfirði er feli í sér að um 18 milljónir króna séu greiddar fyrir 5.000 laxa, eða um 3.600 krónur fyrir hvern netaveiddan lax. Þá liggi einnig fyrir upplýsingar sem bendi til þess að Stangveiðifélag Reykjavíkur greiði landeigendum við Hvítá/Ölfusá 4.190 krónur fyrir hvern netaveiddan lax vegna upptöku neta þar. Sé það krafa eiganda Hjaltabakka að framangreindur samningur við landeigendur við Hvítá/Ölfusá verði notaður sem viðmið við arðskrármatið nú.

Með hliðsjón af framangreindu megi ljóst vera að ákvörðun veiðifélaga Vatnsdalsár og Laxár á Ásum, um friðun Húnaóss og Húnavatns fyrir stang- og netaveiði, valdi eiganda Hjaltabakka fjárhagslegu tjóni þar sem engin veiðitala sé skráð á þessu svæði. Að sama skapi hækki veiðitala á öðrum svæðum. Eiganda Hjaltabakka sé þannig fyrirmunað að veiða lax, fiskistofna úr Laxá á Ásum og Fremri-Laxá, á neðri hluta ósasvæðisins, fyrir neðan ólöglega línu sem fyrri matsmenn hafi dregið þvert yfir Húnavatn. Þar með myndist bótaskylda annarra veiðiréttarhafa gagnvart eiganda Hjaltabakka skv. 49. gr. laga nr. 61/2006. Einnig sé kveðið á um það í 72. gr. stjórnarskrárinnar að eignarrétturinn sé friðhelgur. Þess sé því krafist að matsmenn ákveði bætur vegna tjónsins og að þær greiðist í formi aukins arðs til eigandans samkvæmt arðskrá. Einnig sé gerð sú krafa að vægi matsliðarins fyrir aðstöðu til netaveiði verði hækkað og hafi að minnsta kosti jafnt vægi við matsliðinn fyrir aðstöðu til stangveiði.

Í umfjöllun sinni um þann þátt arðskrármatsins er lýtur að hrygningar- og uppeldisskilyrðum gerir veiðiréttareigandinn ítarlegar og verulegar athugasemdir við þær skýrslur frá Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar sem fyrir liggja í málinu. Kemur þar meðal annars fram að matsmenn hafi lengi stuðst við gögn frá Veiðimálastofnum við mat á þessum arðskrárlið. Til að meta hrygningar- og uppeldisskilyrði sé nauðsynlegt að samþætta upplýsingar um búsvæðamat og rafveiðar á seiðum með það í huga að auka marktækni upplýsinga og sýnatöku. Hafi þetta ekki verið gert af skýrsluhöfundum. Norðurlandsdeild stofnunarinnar hafi með rafveiðum á seiðum framkvæmt reglubundnar mælingar á vexti, þéttleika

og styrk árganga allt frá árinu 1978. Hafi sýnatökur rafveiðanna fram til þess verið á völdum stöðum, þar sem ætla megi að ákveðin seiðaframleiðsla sé til staðar. Ekki sé lagt mat á léleg svæði árinna. Í búsvæðamatsskýrslu Norðurlandsdeildarinnar, VMST-N/0210, komi fram að þvermál korna í árbotni hafi verið mælt í ákveðnum sniðum, svo og flatarmál og dýpi, og að mat sé lagt á búsvæði árinna út frá þessum mælingum. Enginn samanburður sé á milli sýnatökustaða og annarra svæða árinna, annar en sá að bera saman þvermál steina með fyrirfram ákveðnum leiðréttingarstuðlum. Nauðsynlegt sé að skoða alla ána og meta helstu áhrifapætti á framleiðslugildi, aðra en steinastærð. Það sé skoðun eiganda Hjaltabakka að skýrsla Norðurlandsdeildarinnar sé illa unnin og ónothæf við gerð arðskrármats fyrir Laxá á Ásum þar sem eingöngu sé stuðst við mat á kornastærð botns í ánni. Verulegt ósamræmi sé og milli niðurstöðu skýrslunnar og huglægs mats Tuma Tómassonar á búsvæðum, sem hann hafi byggt á rafveiðum. Fyrir liggir og álit Jóns Kristjánssonar fiskifræðings á skýrslunni og komi þar meðal annars fram að hún sé „... ófullnægjandi til síns brúks, að vera matsmönnum traust handbók um framleiðsluskilyrði í Laxá og hvernig þau skiptast á milli veiðiréttareigenda“. Þá sýni niðurstöður skýrslunnar varðandi framleiðslugildi þess kafla árinna, sem nái frá efri hluta Langhyls og niður að Rafveituskurði, enn frekar fram á það, með hliðsjón af staðháttum öllum, hversu ómarktæk skýrslan sé, en þar sé metið framleiðslugildi með því hæsta sem metið hafi verið í ánni. Tumi Tómasson fiskifræðingur hafi hins vegar talið framleiðslugildi Langhyls og svæðisins niður frá honum eitt það lélegasta í Laxá. Það sama megi og ráða af skýrslum Veiðimálastofnunar varðandi vaxtarhraða seiða í Langhyl.

Á síðustu árum hafi margir sérfræðingar talið að ósasvæði laxveiðiáa hafi veruleg áhrif á afkomu laxaseiða sem séu að ganga til sjávar. Seiði staldri við á ósasvæðinu áður en þau fari út í sjó og lífslíkur þeirra aukist til muna. Þarna sé fæða, m.a. marfló, sem oft gangi upp í ár með fallinu og sé mikilvæg fæða fyrir laxfiska og seiðastofna þeirra á leið til sjávar. Ekkert mat sé lagt á þennan þátt í skýrslu Veiðimálastofnunar. Það sé niðurstaða skýrslunnar að framleiðslugildi ósasvæðis Húnavatns sé fremur lélegt, þrátt fyrir að aðstæður séu þar með því besta sem gerist hérlendis. Öndvert við mat skýrsluhöfunda hafi ýmsir aðrir fiskifræðingar, þar á meðal forstjóri Veiðimálastofnunar, talið að ósasvæði geti aukið verulega lífslíkur seiða og laxa sem séu á leið til sjávar, með það í huga að vöxtur og styrkur þeirra aukist verulega áður en laxfiskar og seiði þeirra fari til hafbeitar. Þannig liggir fyrir rannsóknir á ósasvæði Elliðaáa, VMST-R/220, sem bendi til að ósasvæðið þar sé afar mikilvægt fyrir laxfiska og seiði. Veiðimálastofnun hafi hins vegar ekki framkvæmt botnmat í Hólmakvísl, þ.e. frá

kafla sem merktur sé CH á korti vegna botnmats og út í Húnaós, eins og hefði þurft að gera eigi að vera um að ræða mat fyrir allt vatnasvæði Laxár á Ásum.

Á því sé byggt að matsnefnd sé skylt, með hliðsjón af ákv. b- og f-liðs reglugerðar nr. 412/2007, að taka tillit til flatarmáls og gerðar vatnsbotns og vatnsmagns í Hólmakvísl og Húnavatni auk Laxár á Ásum.

Veiðiréttareigandinn mótmælir því að hnikað verði þeirri niðurstöðu yfirmatsnefndar í gildandi mati að hvorki skuli taka tillit til landlengdar í svokölluðum Rafveituskurði né uppeldis- og hrygningarskilyrða þar við ákvörðun arðs í Laxá. Sé í því sambandi meðal annars vísað til þess að skurður þessi tilheyri ekki umdæmi veiðifélagsins samkvæmt samþykktum þess. Eigandi skurðarins, Rarik, sé ekki skráður félagi í veiðifélaginu og hann hafi skuldbundið sig, með samningi við veiðifélagið í október 1938, til að koma upp búnaði sem hindri göngu lax í skurðinn. Hafi skilningur félagsmanna og veiðimanna æ síðan verið sá að lax eigi ekki að ganga upp í skurðinn. Gerist það sé um að ræða brot á umræddum samningi. Þá sé sérstaklega mótmælt því álitu veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sem fram komi í bréfi veiðimálastjórans til eiganda Sauðaness, dags. 9. nóvember 2000, að umræddur skurður tilheyri félagssvæði veiðifélags Laxár á Ásum og að taka eigi því tillit til hans við gerð arðskrár. Álit þessara aðila hafi enga þýðingu að lögum þar sem ekki sé á valdsviði þeirra að úrskurða um ágreining um takmörk fiskihverfis. Þá hafi við undirbúning þessa álits ekki verið gætt nánar tilgreindra ákvæða stjórnarsýslulaga.

Eigandi Hjaltabakka bendir loks á og rökstyður nánar í greinargerð sinni að í gildandi yfirmatsgerð hafi arður til jarða á móti Hjaltabakka, miðað við þá landlengd sem liggja á móti Hjaltabakka, verið 26,1% af heildinni en hlutdeild Hjaltabakka 24,4%. Hafi arður til Hjaltabakka því verið metinn 1,7% lægri en þessara jarða fyrir sama svæði en ætti í raun að vera sá hinn sami. Hafi þá ekki verið tekið tillit til landlengdar vegna fjögurra slægnahólma í eigu Hjaltabakka, meiri landlengdar við efri hluta ósasvæðisins, að línu matsmanna, og meiri landlengdar, uppeldisskilyrða og aðstöðu til veiði á öllum neðri hluta ósasvæðisins í Húnavatni og Hólmakvísl.

Í viðbótargreinargerðum og „minnisblöðum“, dags. 10. september 2009, 5. nóvember 2010, 17. janúar og 10. febrúar 2011, og í tölvupósti, dags. 29. júní 2011, er enn hnykkt á ýmsu því sem áður hefur verið rakið og sjónarmiðin skýrð frekar. Er þar m.a. settur fram ítarlegur rökstuðningur fyrir því sjónarmiði eigandans að meta eigi Hjaltabakka aukna landlengd við fjóra slægnahólma í ánni, nokkru neðan við Krókhyl. Í landamerkjaskrá jarðarinnar frá árinu 1891 komi

fram að hólmar þessir séu í eigu jarðarinnar. Efstur þessara hólma sé neðan við Krókhyl. Meginstraumur árinna sé þar í nyrðri kvíslinni, í landi Hjaltabakka. Syðri kvíslin skipti merkjum milli jarðanna sem eigi land að Laxá við hólmann. Hjaltabakki eigi þannig 25% af landlengd við syðri kvíslina og 50% við nyrðri kvíslina skv. 10. gr. laga nr. 20/2006, eða samtals 75% af landlengd við hólmann. Annar slægnahólmi þar fyrir neðan sé milli veiðistaðanna Hitaveitunnar nr. 43 og Svartabakka, sem merktur sé nr. 40, Sandbakki. Tveir meginstraumar séu við hólmann. Þess sé krafist að Hjaltabakki fái 75% landlengd við þennan hólma, 50% af bakkanum í landi Hjaltabakka og 25% af sameignarhluta jarðarinnar þar á móti. Hinir tveir slægnahólmarnir sem hér um ræði hafi verið sunnan við Svartabakka, milli þriggja kvísla, en þeir séu nú horfnir vegna framkvæmda á vegum veiðifélagsins. Hafi tvær syðri kvíslarnar verið stíflaðar með varnargarði fyrir nokkrum áratugum. Laxá renni því að öllu leyti í landi Hjaltabakka, ofan við Svartabakka og niður að Reiðhólshyl. Þess sé því krafist að öll landlengd, veiði og önnur tilheyrandi gæði við Svartabakka verði að fullu metin til eiganda Hjaltabakka.

Eigandi Hjaltabakka staðhæfir og að framkvæmdir á vegum veiðifélagsins hafi breytt árfarvegi við eyju neðan við veiðistaðinn Gilfljót. Tvær kvíslar hafi þar runnið meðfram eyjunni. Grjót hafi svo verið sett í efri hluta nyrðri kvíslarinnar fyrir nokkrum árum og hafi farvegur hennar þá dýpkað. Það hafi aftur leitt til þess að farvegur syðri kvíslarinnar hafi þornað upp í meðalrennsli. Hafi þetta verið gert án samráðs eða samþykktar eiganda Hjaltabakka. Þar sem miðlína eyjarinnar skipti landamerkjum renni áin nú að öllu leyti í landi Hjaltabakka. Sé þess því krafist að landlengd við eyjuna verði að fullu metin til eiganda Hjaltabakka.

Þá gerir eigandinn ítarlegar athugasemdir við nýja skýrslu Veiðimálastofnunar: Uppfært mat á búsvæðum. Vísar hann meðal annars til þess að skýrslan sé í raun óbreytt frá fyrri skýrslu stofnunarinnar hvað varði tölugildi botnmats og matsliði. Í skýrslunni hafi ekkert tillit verið tekið til óska eigandans um að metnir skyldu tilgreindir þættir er lúti meðal annars að svokölluðum Rafveituskurði, áhrifum fínefnaflutnings úr framræstum mýrum, mati á hinu sameiginlega ósasvæði og mati á áhrifum Laxárvirkjunar á búsvæði neðri hluta árinna. Loks gerir eigandinn athugasemdir við gögn er matsnefnd hafa borist frá öðrum veiðiréttarhöfum, þar á meðal kröfur eigenda Sauðaness er lúta að Rafveituskurði og sjónarmið eiganda Húnstaða varðandi breytingar er orðið hafi á mældri landlengd fyrir landi Hjaltabakka í gildandi yfirmati.

Frekari rök og sjónarmið veiðiréttareigandans liggja fyrir í málinu en verða ekki rakin hér frekar. Matsnefndin hefur þó haft þau til hliðsjónar við úrlausn málsins.

## 6.2 Húnsstaðir

Í greinargerð sinni bendir eigandinn í fyrsta lagi á að fjöldi veiddra laxa í veiðistöðunum Dulsum og Klapparstreng hafi snarminnkað eftir að ákveðið hafi verið á fundi veiðifélagsins á árinu 2002 að eingöngu yrði leyft að veiða á flugu í ánni. Fyrir breytinguna, meðan veitt hafi verið á maðk, hafi veiðistaðir þessir verið á meðal þeirra bestu í ánni, einkum fyrri hluta sumars. Þeir henti hins vegar ekki eins vel til fluguveiða. Sé þess óskað að matsnefnd taki tillit til þessa, enda eigi slík ákvörðun félagsmanna ekki að geta leitt til þess að veiðistaðir rýrni í mati. Þá sé því í öðru lagi mótmælt að svokallaður Rafveituskurður verði tekinn með við arðskrármat árinna. Ekki hafi verið tekið tillit til hans við síðasta arðskrármat og engar forsendur hafi breyst frá þeim tíma. Loks sé á það bent að við síðasta arðskrármat hafi verið gerð breyting á landlengd jarðarinnar Hjaltabakka gagnvart ánni. Samsvarandi breyting hafi hins vegar ekki verið gerð vegna Húnsstaða sem þó eigi land á móti Hjaltabakka. Sé þess óskað að gerð verði samskonar breyting á bakkalengd vegna Húnsstaða.

Í viðbótargreinargerð, dags. 29. nóvember 2010, gerir eigandinn nokkrar athugasemdir við sjónarmið er eigandi Hjaltabakka hefur sett fram. Mótmælir hann því í fyrsta lagi að eiganda Hjaltabakka verði úthlutaður arður úr veiðifélaginu á þeim grundvelli að veiðifélagið hafi skert rétt hans til netaveiða, enda séu slíkar veiðar óheimilar á grundvelli ákvæða lax- og silungsveiðilaga. Sé um bótaskyldu að ræða hljóti hún að liggja hjá íslenska ríkinu. Einnig sé mótmælt þeim staðhæfingum eiganda Hjaltabakka að hægt sé að ræða um samfelld veiðisvæði frá ósi úr Húnavatni niður að ósi í sjó og að þrír til fjórir veiðistaðir séu á austurbakka árinna við Hólmakvísl og aðrir tveir við vesturbakkann. Geti kröfugerð eigandans ekki staðist landslög að teknu tilliti til ákvæða laga um lax- og silungsveiði. Varðandi staðhæfingar eiganda Hjaltabakka um breytingar á farvegi neðan veiðistaðarins Gilfljóts þá hafi tilgangurinn með þeirri framkvæmd verið sá að laxinn gæti ávallt gengið upp ána. Óásættanlegt sé ef slík framkvæmd, sem einungis verði gerð að fengnu leyfi þar til bærra yfirvalda og að fengnu samþykki meðal annars landeigenda, leiði til breytinga á veiðirétti eiganda Húnsstaða. Fari hins vegar svo að matsnefndin taki tillit til kröfu eiganda Hjaltabakka sé þess krafist að þær tálmanir sem settar hafi verið niður við Gilfljótið verði fjarlægðar. Jafnframt sé þess þá krafist að landsvæðið frá Húnastreng og niður í Húnsstaðahorn verði metið á þann veg að eigandi Húnsstaða fái þar metna fulla landlengd beggja vegna árinna með tilliti til þess að Laxá renni þar öll í landi Húnsstaða en ekki í landi Hjaltabakka.



### 6.3 Laxholt

Eftir að eigendum jarðarinnar voru kynnt sjónarmið eiganda Hjaltabakka, er fram komu í viðbótargreinargerð hans dags. 10. september 2010, sendu þeir athugasemdir sínar vegna þessa í bréfum, dags. 12. desember 2010 og 15. mars 2011. Kveðast þeir þar mótmæla þeim kröfum og sjónarmiðum sem þar séu sett fram. Þannig sé því mótmælt að fjórir hólmar í Laxá neðan Krókhyls teljist séreign Hjaltabakka. Vísa þeir til þess að umrætt landamerkjabréf Hjaltabakka hafi ekki verið samþykkt af eiganda jarðarinnar Holts, sem Laxholti hafi verið skipt út úr. Sé bréfið því eingöngu einhliða yfirlýsing eiganda Hjaltabakka og hafi því takmarkað sönnunargildi að lögum. Í landamerkjabréfi Holts segi að Laxá ráði merkjum og verði því að miða við að þeir hólmar sem séu í ánni tilheyri allt eins Laxholti (Holti) eins og Hjaltabakka. Þá sé einungis einn hólmi af fjórum enn til staðar í ánni. Hinir horfnu hólmar geti í öllu falli ekki haft áhrif á niðurstöðu arðskrármatsins. Einungis efsti hólminn sé enn til og liggi meginstraumurinn eftir hólmanum Hjaltabakkamegin. Landfræðilega ætti því umræddur hólmi að tilheyra Laxholti en ekki Hjaltabakka. Þá sé því sérstaklega mótmælt að hólmar í ánni hafi horfið vegna framkvæmda veiðifélagsins og liggi engin sönnun fyrir um það.

### 6.4 Sauðanes

Af hálfu eigendanna er þess krafist að fullt tillit verði tekið til Rafveituskurðarins í arðskrá, bæði hvað varði uppeldi, hrygningu, bakkalengd og veiðimöguleika. Veiði hafi hins vegar ekki verið stunduð í skurðinum frá gildistöku yfirmatsins en áður hafi hún verið stunduð þar í nokkrum mæli. Er í bréfinu vísað til meðfylgjandi bréfs veiðiréttarnefndar, dags. 25. apríl 2000, þar sem fram kemur álit nefndarinnar og veiðimálastjóra um að umræddur skurður tilheyri félagssvæði veiðifélags Laxár á Ásum og því beri að taka tillit til hans við gerð arðskrár.

### 6.5 Laxabrekka

Eigendur jarðarinnar, sem eru og meðeigendur Sauðaneslandsins, benda á að hlutur Sauðaness í veiði á árabílinu 1999-2008 sé að meðaltali 38,5% af heildarveiði í ánni. Þá sé samanlögð landlengd Sauðaneslandsins að Laxá, að meðtöldum báðum bökkum Sauðaneskvarnar, Flæðisstrengs og Rafveituskurðar, um 1/3 af heildarbakkalengd árinna. Rafveituskurðurinn hafi að vísu ekki verið talinn til landlengdar í síðustu arðskrá en ótvírætt sé að taka beri tillit til hans, enda sé hann uppeldisstöð og veiðistaður. Eigendur Sauðaneslandsins hafi þó ekki veitt í skurðinum. Þá komi fram í fyrirbyggjandi bréfi veiðimálastjóra frá 9. nóvember 2000 að á samráðsfundi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra hinn 1. nóvember sama ár hafi verið fjallað um bréf eigenda Sauðaness þar sem óskað hefði verið álits veiðimálanefndar á því hvort skurðurinn væri innan vébanda veiðifélags Laxár á Ásum. Hafi það verið samdóma álit allra nefndarmanna og

veiðimálastjóra að skurðurinn tilheyrði félagssvæðinu og því bæri að taka tillit til hans við gerð arðskrár. Þegar framangreint sé haft í huga, og einnig það að áralangar rannsóknir hafi sýnt að bestu vaxtar- og hrygningarskilyrðin í ánni séu fyrir landi Sauðaness, þá eigi Sauðaneslandið að skila allt að 40% hlut í arðskrá.

### **6.6 Sauðanes, Röðull, Mánafoss og Laxabrekka**

Eftir að eigendum ofangreindra jarða höfðu verið kynnt framkomin gögn er tengdust beint þeirra hagsmunum skiluðu þeir sameiginlegri greinargerð til matsnefndar, dags. 18. janúar 2010. Mótmæla þeir þar í fyrsta lagi kröfum og málsástæðum eiganda Hjaltabakka er lúti að því að útfallið úr Húnavatni til sjávar, sem eigandi Hjaltabakka kalli ranglega Hólmakvísl, verði metið sérstaklega í öllu tilliti.

Varðandi netaveiðar vísa veiðiréttareigendurnir til þess að sögulegar heimildir liggi fyrir um netaveiðar fyrir landi Sauðaness. Netaveiðar í ánni hafi verið bannaðar á aðalfundi veiðifélagsins 8. apríl 1940. Eigi nú að taka tillit til upptöku neta geri Sauðanesjarðirnar kröfu um bætur vegna upptöku neta þar. Þá sé öllum útreikningum eigenda Hjaltabakka á verðmæti misstra netaveiða í Húnavatni mótmælt sem röngum og að engu hafandi. Verði og í því sambandi að taka tillit til þess að ósinn sé að hluta til í sameign með eigendum Vatnsdalsár og þurfi því að skipta upptöku á netaveiðiarði þar á milli Laxár og Vatnsdalsár.

Varðandi aðstöðu til stangveiði sé mótmælt þeirri staðhæfingu eiganda Hjaltabakka að góð veiði í efri hluta árinna sé komin til vegna aðgerða veiðifélagsins á kostnað veiði í neðri hlutanum. Ekkert liggi fyrir sem staðfesti það. Sé og á það bent að engin fylgni sé á milli auðveldara aðgengis og veiðitalna á viðkomandi veiðistöðum. Gerð veiðistaða hafi ekki eingöngu verið á efra svæðinu og megi í því sambandi benda á Gilfljót en töluverðum fjárhæðum hafi verið varið til framkvæmda þar. Mótmælt sé og þeirri kröfu eiganda Hjaltabakka að honum verði bætt minnkandi veiði vegna ákvörðunar veiðifélagsins að banna maðkaveiði. Sú ákvörðun hafi verið tekin með tilliti til óska erlendra veiðimanna og til verndunar á laxastofni árinna. Allir félagar veiðifélagsins, þar á meðal eigandi Hjaltabakka, hafi verið sammála um bann þetta. Sé ómögulegt að fullyrða að þessi ákvörðun ein og sér hafi leitt til minni veiði fyrir landi Hjaltabakka, enda veiði flestir veiðimenn eingöngu á flugu án tillits til þess hvort maðkaveiði sé heimil eða ekki.

Þess sé krafist að við mat á einingum fyrir landlengd verði tekið fullt tillit til Rafveituskurðarins, að vægi landlengdar verði hið sama í allri ánni og að ekki verði þar tekið tillit til hólma. Landlengd fyrir neðan mörk árinna gagnvart hinu

sameiginlega ósasvæði Vatnsdalsár og Laxár á Ásum verði metin við mat á því svæði, þar með talin landlengd Hjaltabakkahólma sem hafi reyndar verið metin að fullu inn í arð Vatnsdalsár og sé því ekki tæk í mati Laxár. Mótmælt sé því sjónarmiði eiganda Hjaltabakka að ákvarða beri landlengd ofan Rafveituskurðarins minna vægi en neðan skurðarins.

Að lokum sé þess krafist að við mat á uppeldis- og hrygningarskilyrðum verði tekið fullt tillit til fyrirliggjandi búsvæðamats og botnmats Veiðimálastofnunar. Sé í skýrslum þessum staðfest að framleiðslugildi laxfiskaseiða í efri hluta árinna sé hátt og sé fullyrðingum eiganda Hjaltabakka um annað mótmælt.

### **6.7 Hurðarbak**

Eigandi jarðarinnar kveðst gera athugasemd við niðurstöðu í gildandi yfirmati að arði skuli skipta jafnt milli jarðanna Hurðarbaks og Hurðarbaks II. Viti hann ekki til þess að neinir lögformlegir samningar liggja til grundvallar þessari skiptingu. Hingað til hafi ekki verið gerðar athugasemdir vegna þessa þar sem báðar jarðirnar hafi verið í eigu nánna ættingja. Það geti hins vegar breyst og sé því eðlilegast að arður hvorrar jarðar verði metinn fyrir sig.

### **6.8 Hamrakot**

Talsmaður landeigenda kveðst í greinargerð sinni mótmæla þeirri kröfu eigenda Sauðaness að afrennslisskurður Laxárvatnsvirkjunar í landi Sauðaness, svokallaður Rafveituskurður, verði tekinn inn í arðskrármat veiðifélagsins. Er í því sambandi vísað til þess að í samningi milli Veiðifélags Laxár á Ásum og Rafveitunnar, dags. 10. október 1938, sé tekið fram að Rafveitan skuldbindi sig til að setja upp ákveðinn búnað sem hindri göngu lax í skurðinn. Megi af þessu orðalagi ráða að lax eigi ekki að ganga í skurðinn, enda sé ella vandséð hvers vegna hindra ætti göngu hans í hann. Hins vegar sé öllum ljóst að lax gangi í skurðinn. Rafveitan hafi gert nokkrar tilraunir til að koma fyrir ristum við mynni skurðarins en þær hafi litlum árangri skilað. Rafveituskurðurinn sé gildra fyrir laxinn af versta tagi. Lax sem komist í skurðinn sé kominn í sjálfheldu. Slík laxagengd í skurðinn hljóti að teljast skýlaust brot á framangreindum samningi og hafi hún valdið veiðiréttarhöfum við Fremri-Laxá tjóni. Verði slíkt tjón einungis bætt með skaðabótum. Athyglisvert sé að á sama tíma þurfi sömu landeigendur að verja hagsmunum sína á þann hátt að röskunin verði ekki talin öðrum til tekna. Þannig standi aukinn hlutur Sauðaness samkvæmt veiðiskýrslum í beinu sambandi við aukna ræktun lax í Fremri-Laxá og gengd hans í skurðinn. Lax sem veiddur sé í Rafveituskurðinum sé skráður veiddur í Rafveitustreng eða á öðrum nálægum veiðistað. Skurðurinn eigi að vera laxlaus og sé því fráleitt að hann verði tekinn inn í arðskrá Sauðaness.

Eigendur Hamrakots krefjast þess að matsnefnd meti sérstaklega hvaða áhrif bygging stíflu við Laxárvatn árið 1933 hafi haft til skerðingar á aðstöðu til neta- og stangveiði fyrir landi jarðarinnar. Áður en stíflan var byggð hafi verið hægt að leggja net, annars vegar ofan við ósinn og hins vegar í hyl sem myndast hafi neðan við ósinn. Þekkt sé að lax stoppi bæði neðan og ofan við ósa áa úr vötnum. Á veiðisvæðinu stoppi tveir stofnar laxa, annars vegar lax sem sé á leið upp í Fremri-Laxá og hins vegar lax úr Laxá á Ásum. Sé þar bæði um að ræða lax sem hugsanlega gæti hrygnt á þessu svæði og einnig lax sem sé að leita að búsvæði áður en hrygning fari fram. Bygging stíflunnar og ákvæði 21. gr. laga nr. 61/2006 fyrirumun eigendum að veiða lax og silung 100 metra upp frá ósnum og 250 metra niður frá honum. Af þessum sökum geti engin veiðitala myndast á þessu svæði. Veiði skerðist verulega og hlutfallslega mun meira en annarra landeigenda. Sé þess krafist að matsnefnd meti þessa skerðingu í samræmi við 49. gr. laga nr. 61/2006.

Loks verði ráðið af skýrslu Tuma Tómassonar um rafveiðar í Laxá frá árinu 1987 að svæðið rétt neðan við stífluna sé eitt besta búsvæðið í Laxá hvað varði hrygningar- og uppeldisskilyrði. Ennfremur verði að telja að svæðið væri mun betra uppeldissvæði ef Laxárvatnsstíflan væri ekki til staðar, meðal annars vegna þess hvernig gerð botnsins sé í Laxárvatni, bæði þar sem stíflan sé og á ósasvæðinu ofan þess. Þangað myndu seiðin sækja eftir því sem þau stækkuðu, enda hafi Laxá runnið þar áður en stíflan hafi verið gerð. Þá verði einnig að skoða að seiði í Rafveituskurði sem séu að ganga til sjávar séu að miklu leyti laxaseiði sem séu að ganga úr Fremri-Laxá til sjávar. Eigendurnir taka loks fram að Hamrakot hafi hvorki þegið bætur fyrir breytingu á farvegi og vatnskostum árinna né vatnsins. Þessu til viðbótar standi allt tjón sem landeigendum hafi verið valdið eftir óbætt.

## **7.0 Skipting arðs**

### **7.1 Almennt**

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurfjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“ Þá er í 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá þætti sem taka skal tillit til við niðurfjöfnun veiði eða úthlutun arðs: a. landlengdar að veiðivatni, b. flatarmáls og gerðar vatnsbotns,

c. veiðitalna í stangveiði, d. aðstöðu til stangveiði, m.a. m.t.t. breyttra veiðiaðferða, agns o.fl., e. réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði, f. vatnsmagns og g. hrygningar- og uppeldisskilyrða. Loks er í 5. gr. reglugerðarinnar getið annarra þátta sem varða aðstæður og ýmsar fiskræktar- og umhverfisframkvæmdir við ár sem líta skuli til við mat á arði.

Samkvæmt 11. gr. samþykktu fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum nr. 390/2008, frá 1. apríl 2008, skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Í gildandi arðskrá Veiðifélags Laxár á Ásum, samkvæmt yfirmatsgerð dags. 7. október 1994, er arði skipt milli jarða og miðað við 1.000 einingar í heild. Í þessu mati er hins vegar hafður á sá háttur að miða við 10.000 einingar. Í köflum 7.2, 7.3 og 7.4 hér á eftir er greint frá niðurstöðu matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

Eins og fram er komið teljast félagsmenn Veiðifélags Laxár á Ásum skráðir eigendur/ábúendur tilgreindra jarða og landareigna, sem land eiga að eða veiðirétt í Laxá á Ásum, frá Húnaósi í sjó að Laxárvatni. Var ós Laxár á Ásum gagnvart sameiginlegu ósasvæði Laxár á Ásum og Vatnsdalsár sérstaklega markaður með matsgerð á árinu 1991. Þá liggur fyrir að í samþykktum fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár eru félagsmenn sagðir vera skráðir eigendur/ábúendur jarða og landareigna, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsa og Giljá, frá ósi í sjó, sem er Húnaós, til ólaxgengra fossa. Fram er og komið að auk Laxár á Ásum fellur Vatnsdalsá neðst í Húnavatn og eiga árnar sameiginlegan ós í sjó í Húnaósi. Eigandi Hjaltabakka hefur krafist þess með hliðsjón af framangreindum aðstæðum að hið sameiginlega ósasvæði verði metið til arðs við arðskrármöt beggja ána, Vatnsdalsár og Laxár á Ásum, og að ákvörðuð verði hlutdeild Hjaltabakka í arði hvorrar ár fyrir sig. Þá hefur stjórn Veiðifélags Vatnsdalsár, í tölvupósti til matsnefndar hinn 3. september 2010, ítrekað sjónarmið, sem hún kveðst hafa sett fram við gerð gildandi yfirmats um Vatnsdalsá, um að nefndin „úrskurði um arðgreiðslur Laxár á Ásum og Vatnsdalsár til þeirra landeigenda, sem hagsmuna eiga að gæta á sameiginlegu ósasvæði ána þannig að ekkert af þessu vatnasvæði verði undanskilið í mati. Veiðifélögin munu í framhaldi ákveða hvernig veiðum verði háttað á svæðinu, en engin ástæða er að ætla að ágreiningur verði þar um fremur en verið hefur til

þessa.“ Þá hefur eigandi Húnsstaða, sem einnig liggja að hinu sameiginlega ósasvæði, lýst þeirri skoðun sinni að hann ætti að eiga rétt til arðs úr Vatnsdalsá og þar með aðild að því veiðifélagi. Húnsstaðir hafa ekki notið aðildar að Veiðifélagi Vatnsdalsár en eiga hins vegar aðild að Veiðifélagi Laxár á Ásum. Með hliðsjón af því að hið sameiginlega ósasvæði Vatnsdalsár og Laxár á Ásum tilheyrir veiðifélögum beggja ána, og með tilliti til aðstæðna að öðru leyti, er það niðurstaða matsnefndar að taka beri tillit til þess við arðsúthlutun. Á það sérstaklega við um jarðirnar Hjaltabakka, Skinnastaði og Húnsstaði.

Eigandi Hjaltabakka krefst þess að arði af aðstöðu til veiða á veiðistöðunum Tuma, Skotta og Laxapólli verði deilt niður á alla veiðiréttarhafa í hlutfalli við eignarrétt þeirra í félaginu. Styður hann kröfu sína þeim rökum að aðstaða og aðgengi á efri hluta árinna, ofan við Rafveituskurð, hafi verið bætt á síðustu tveimur áratugum, annars vegar með vegagerð og hins vegar með gerð þessara veiðistaða, og hafi endurbæturnar verið kostaðar af sameiginlegum sjóði félagsins. Sé ekki eðlilegt að landeigendur á efstu svæðunum fái allan arð af þeim framkvæmdum sem allir félagsmenn hafi kostað. Af ákvæðum laga um lax- og silungsveiði, þar á meðal ákv. 40. gr. laga nr. 61/2006, verður ótvírætt ráðið að veiðifélög hafi heimild til töku ákvarðana er lúta að framkvæmdum við veiðivatn með sameiginlega hagsmuni félagsmanna í huga. Ekkert hefur fram komið um að ákvarðanir veiðifélagsins um framangreindar framkvæmdir hafi valdið eiganda Hjaltabakka sérgreindu tjóni sem taka beri sérstakt tillit til við ákvörðun arðs. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða matsnefndar að ekki sé unnt að taka tillit til þessarar kröfu eigandans um arðshlut hans eða annarra í ofangreindum veiðistöðum og er henni því hafnað.

Eigendur Sauðaness hafa krafist þess að fullt tillit verði tekið til svokallaðs Rafveituskurðar í arðskrá, bæði hvað varði uppeldi, hrygningu, bakkalengd og veiðimöguleika. Eigendur Hjaltabakka, Hamrakots og Húnsstaða hafa hins vegar mótmælt því eindregið í greinargerðum sínum að nokkurt tillit verði tekið til skurðarins, meðal annars á þeirri forsendu að skurðurinn sé ekki hluti af félagssvæði veiðifélagsins. Eru helstu sjónarmið þessara aðila rakin í köflum 6.1, 6.2 og 6.8 hér að framan. Einnig hafa talsmenn Holts og Árhólts mótmælt þessu á fundi með matsnefnd. Í samþykktum fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum er kveðið á um það í 3. gr. að félagsmenn séu skráðir eigendur eða ábúendur tilgreindra jarða og landareigna sem land eigi að Laxá á Ásum frá Húnaósi í sjó að Laxárvatni. Ekkert er þar getið um umræddan skurð. Í gildandi yfirmatsgerð vegna arðskrár fyrir Laxá á Ásum var því hafnað að taka nokkurt tillit til skurðarins við úthlutun arðseininga. Fyrir liggur að skurðurinn er hluti af mannvirkjum Laxárvatnsvirkjunar. Liggur hann frá virkjuninni um 1.080 m vegalengd og kemur

í Laxá rétt ofan við veiðistaðinn Klapparkvörn. Óumdeilt virðist að neðri endi skurðarins, gagnvart Laxá, eigi ávallt að vera lokaður af með ristum eða öðrum búnaði til að hindra göngu lax í hann. Þannig virðist hvorki vera ætlast til þess að lax eða laxaseiði gangi í skurðinn né virðist sjálfgefið að laxaseiði sem sleppi þar inn nái að ganga óhindrað á ný til sjávar. Með hliðsjón af framangreindu og hinni sérstöku stöðu skurðarins er það niðurstaða matsnefndar að ekki beri að neinu leyti að taka tillit til skurðarins við úthlutun arðseininga.

Eigandi Hjaltabakka setur fram þá kröfu í greinargerð sinni, með vísan til 33. gr. laga nr. 61/2006, að sérstakt mat fari fram á því hvaða áhrif miðlun vatns og lítið vatnsmagn, ofan við Rafveituskurð upp að Laxárvatni, hafi á lífríkið og allt vatnasvæði Laxár. Þá krefst hann þess að lagt verði mat á hugsanlegar skaðabætur vegna þessa í samræmi við 36. gr. sömu laga. Af sama toga virðist krafa eigenda Hamrakots um að matsnefnd meti sérstaklega hvaða áhrif bygging stíflu við Laxárvatn árið 1933 hafi haft til skerðingar á aðstöðu til neta- og stangveiði fyrir landi jarðarinnar. Í tilvitnaðri 33. gr. er kveðið á um að Fiskistofa geti ef sérstök ástæða þyki til krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar í eða við veiðivatn sé veitt. Þá er í 36. gr. kveðið á um bótaskyldu þess aðila er stendur að framkvæmd í eða við veiðivatn, að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Með hliðsjón af þessu, og þar sem ekkert liggur fyrir um að umræddar kröfur veiðiréttareigendanna tengist tiltekinni ákvörðun Veiðifélags Laxár á Ásum um veiði eða friðun, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 49. gr. laga nr. 61/2006, heldur snúi alfarið að viðkomandi framkvæmdaraðila, er það niðurstaða matsnefndar að kröfur þessar geti ekki komið til úrlausnar í arðskrármáli þessu.

Eigandi Hurðarbaks hefur spurst fyrir um forsendur þess að arði sé skipt jafnt milli jarðanna Hurðarbaks og Hurðarbaks II. Vegna þessa tekur matsnefnd fram að samkvæmt fyrirliggjandi veðmálagögnum liggi ekkert fyrir um hvernig haga skuli skiptingu veiðiréttar á milli umræddra jarða. Með hliðsjón af því telur nefndin engar forsendur fram komnar til að breyta þeirri skiptingu veiðiréttarins sem í gildi hefur verið, það er að arði sé skipt að jöfnu milli jarðanna.

## **7.2 Aðstaða til netaveiði og stangveiði**

Matsnefnd lítur til þess að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiði. Telur nefndin að veiðiréttareigendur sem lagt hafa af rétt til netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eigi að fá slíka aðstöðu metna til eininga í arðskrá svo fremi að hlutdeild þeirra í arðskrá vegna stangveiði komi ekki þar í staðinn. Við framangreint mat á aðstöðu til netaveiði ber við það að miða að eigendur netaveiðiréttar séu, þrátt fyrir veiðibann, sem líkast settir og væru veiðar, sem þar hefðu verið stundaðar,

ekki bannaðar. Slíkt bann er almennt sett með hagsmuni heildarinnar í huga, í því skyni að stuðla að aukinni laxgengd upp árnar og þá aukinni stangveiði á viðkomandi félagssvæði. Af framangreindu leiðir að eingöngu verður að þessu leyti tekið tillit til þeirrar netaveiði sem ætla má að einstakir veiðiréttarhafar hafi stundað þegar slíkar veiðar voru bannaðar en ekki til þeirra möguleika sem þeir hafa nú á slíkri veiði.

Eigandi Hjaltabakka hefur krafist þess að fullt tillit verði tekið til aðstöðu til netaveiði í Húnavatni niður að Húnaósi í sjó og netaveiði fyrir landi Hjaltabakka í Laxá á Ásum. Eigendur Sauðaness ásamt eiganda Húnsstaða hafa mótmælt framangreindri kröfu eins og áður hefur verið rakið í köflum 6.2 og 6.6 hér að framan. Þá hafa eigendur Sauðaness krafist þess að verði fallist á framangreinda kröfu geri þeir kröfu til þess að tekið verði á sama hátt fullt tillit til sögulegra netaveiða fyrir landi Sauðaness. Fyrir liggja gögn sem staðfesta að laxveiði í net hafi verið stunduð í Laxá á Ásum frá nokkrum jörðum áður en veiðifélag árinna var stofnað á árinu 1935 og netaveiðar síðan bannaðar á árinu 1940. Þannig hefur eigandi Hjaltabakka lagt fram veiðiskýrslur vegna tímabilsins 1919 til 1929. Má þar sjá að laxveiði í ánni á þessum tíma var langmest fyrir jörðunum Hjaltabakka og Húnsstöðum, eða 116,5 laxar að meðaltali á ári. Við mat á því hvort úthluta beri sérstökum arðseiningum fyrir framangreinda aðstöðu verður horft til áðurgreindra gagna að teknu tilliti til þess að verðmæti netafisks er nú margfalt minna en verðmæti fisks sem veiddur er á stöng. Þá verður einnig litið til þess kostnaðar sem hver veiðiréttareigandi yrði sjálfur að bera af slíkum veiðum og að aukin verðmætasköpun samfara aukinni stangveiði bætir hag allra félagsmanna veiðifélagsins með hærri útgreiðslu arðs á hverja arðseiningu. Sé við það miðað að unnt hefði verið að veiða framangreint magn í net í Laxá hefði veiðibannið ekki komið til, söluverð á hvert kíló væri 450 til 600 krónur og meðalþyngd laxa áætluð 3,0 kg, og að teknu tilliti til kostnaðar við veiðarnar, er það niðurstaða matsnefndar að aflagning netaveiða í Laxá á Ásum sé að fullu bætt með árlegum útgreiddum arði til framangreindra og annarra jarða þar sem netaveiðar voru aflagðar. Verður því að hafna kröfum um úthlutun sérstakra arðseininga vegna þessa.

Varðandi hið sameiginlega ósasvæði er það hins vegar að segja að fremur óljósar heimildir eru um netaveiðar í Húnavatni áður en slíkar veiðar voru bannaðar. Þá hefur eigandi Hjaltabakka upplýst að netaveiði frá þeirri jörð í Húnavatni og Húnaósi á tímabilinu 1919 til 1928 hafi verið lítil sem engin, enda veiði þá verið næg í Laxá á Ásum og á árabílinu 1929 til 1940 hafi netaveiði á ósasvæðinu verið lítið stunduð. Með hliðsjón af framangreindu, og þeim rökum sem vísað var til



varðandi aflagningu netaveiða í Laxá á Ásum, þykja ekki næg efni til sérstakrar arðsúthlutunar vegna aflagningar netaveiða á hinu sameiginlega ósasvæði.

Eigandi Hjaltabakka krefst þess að tekið verði tillit til þess við úthlutun arðs að veiðifélag Laxár á Ásum hafi bannað stangveiði í Húnavatni og svokallaðri Hólmakvísl. Í tilefni af þessari kröfugerð eigandans sendi matsnefnd eftirfarandi fyrirspurn til veiðifélagsins, með bréfi, dags. 2. maí 2011: „Hvernig hefur veiðum eða veiðistjórnun verið háttað á ósasvæðinu, hafa veiðifélögin í Laxá og Vatnsdalsá eitthvert samráð sín í milli um veiðar og veiðistjórnun á svæðinu og hefur Veiðifélag Laxár á Ásum tekið einhverja ákvörðun um veiðibann á svæðinu og ef svo er var sú ákvörðun tekin í samráði við Veiðifélag Vatnsdalsár?“ Með tölvupósti frá formanni félagsins hinn 12. maí 2011 kemur eftirfarandi fram: „Í arðskrármati því sem tók gildi 1995 og gildir enn var ákveðið að veiðif. Laxár greiddi arð af sameiginlegu ósasvæði ána niður að línu, sem dregin er úr punkti 270 metrum vestan Torfalækjaróss, yfir í Granda. Á þessu svæði hefur veiðimönnum í Laxá á Ásum verið heimilt að stunda veiði. Veiðibann ekki verið til umræðu. Engar viðræður farið fram við Vatnsdalsá.“ Í gildandi leigusamningi um stangveiðirétt í Laxá á Ásum kemur eftirfarandi fram í 1. gr. hans: „Hið leigða veiðisvæði nær frá veiðimörkum neðan laxastiga við Laxárvatn að veiðimörkum í Húnavatni.“ Þá kemur fram í svari formanns Veiðifélags Vatnsdalsár við fyrirspurn matsnefndar um friðunaraðgerðir að eftir að niðurstaða yfirmatsmanna hafi litið dagsins ljós á árinu 1996 hafi verið ákveðið að heimila veiðimönnum á vesturbakka árinna að veiða allt undir ós árinna en fram að því hefðu veiðar verið óheimilar neðan við Akurhólma samkvæmt samkomulagi veiðifélaga beggja ána. Með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið, og þegar einnig er til þess litið að á veiðikorti veiðifélagsins er hið sameiginlega ósasvæði ekki sýnt, verður að telja að í raun hafi ekki verið boðið upp á að veiða á hinu sameiginlega ósasvæði neðan markalínunnar gagnvart Laxá. Með hliðsjón af framangreindu telur matsnefnd að líta verði svo á að í raun hafi ríkt veiðibann á svæðinu neðan fyrrgreindrar línu af hálfu veiðifélagsins og að taka verði tillit til þess við úthlutun arðseininga til jarða sem þar eiga veiðirétt. Verður sérstökum einingum vegna þessa úthlutað þannig að 150 einingar falli til eiganda Hjaltabakka, 15 einingar til Húnsstaða og 35 einingar til eigenda Skinnastaða.

Eigendur Húnsstaða og Hjaltabakka hafa sett fram kröfu um að þeim verði bætt skerðing sem þeir hafi orðið fyrir vegna ákvarðana veiðifélagsins um að banna veiðar með maðki í ánni. Eigi þetta sérstaklega við um veiðistaðina Dulsa og Klapparstreng en þar hafi veiði snarminnkað í kjölfarið. Stjórn veiðifélagsins hefur staðfest að frá og með árinu 1995 hafi fyrst komið til takmörkunar á veiðum með öðru agni en flugu. Þá verður ráðið af fyrirbyggjandi fundargerðum að á fundi

veiðifélagsins hinn 2. september 2000 hafi verið ákveðið að fluguveiðitímabil skyldi ná frá 10. júlí til 10. ágúst á árinu 2001 og á fundi félagsins hinn 1. september 2001 hafi verið ákveðið að maðkaveiði yrði alfarið bönnuð frá og með veiðitímabilinu 2002. Við skoðun á veiðitölum úr framangreindum veiðistöðum á viðmiðunartímabilinu kemur í ljós að veruleg hlutfallsleg minnkun verður á veiði þar frá og með árinu 1996. Helst veiði þar síðan nokkuð stöðug allt til ársins 2002 en þá verður aftur afgerandi fall í veiði á þessum stöðum. Við skoðun á heildarveiðitölum á viðmiðunartímabilinu sýnist og ljóst að hlutfallsleg heildarveiði fyrir landi Húnsstaða og Hjaltabakka hafi á sama hátt fallið verulega í kjölfar umræddra breytinga. Þegar til þessa er litið, með hliðsjón af ákv. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 61/2006 um að heimilt sé að taka tillit til þess í arðskrá verði veiðiréttareigandi að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvörðunar veiðifélags um veiði og friðun, þykir rétt að úthluta 70 einingum til eiganda Húnsstaða og 70 einingum til eiganda Hjaltabakka vegna þessa.

Eigandi Hjaltabakka krefst þess að metin verði sérstaklega hlutdeild allra veiðiréttarhafa við Húnavatn í svokölluðum almenningi vatnsins, eða á því svæði sem sé utan netlaga, yfir 115 m frá bakka. Vísar hann í því sambandi til 6. gr. laga nr. 61/2006 um að fasteignaeigendum sem land eigi að stöðuvatni sé einum heimil veiði í almenningi vatnsins og að hún sé þeim öllum jafnheimil. Verður ekki á þetta fallist þegar af þeirri ástæðu að ekkert liggur sérstaklega fyrir um að á þeim svæðum Húnavatns sem kynnu að teljast utan netlaga hafi verið staðfest veiði á laxi eða silungi.

Vegna framkominnar kröfu eiganda Hjaltabakka um að nefndin „sundurliði mat á arðskrá í tvo hluta“ þannig að „vatnasvæði Hólmakvíslar verði metið sem sér matsliður“ tekur matsnefnd fram að hún telji engar málefnalegar ástæður er tengjast mati þessu gefa tilefni til þess að matsniðurstöður verði sundurliðaðar sérstaklega með þessum hætti. Er kröfu þessari því hafnað.

Eigendur Hamrakots vísa til þess í greinargerð sinni að bygging Laxárvatnsstíflu og ákvæði 21. gr. laga nr. 61/2006 fyrirumuni þeim að veiða lax og silung 100 metra upp frá ósnum úr Laxárvatni og 250 metra niður frá honum. Af þessum sökum geti engin veiðitala myndast á þessu svæði. Með lögum nr. 61/2006 var afnumið bann við stangveiði í ósum úr stöðuvötnum og verður því ekki séð að ákvæði laga standi því í vegi að stangveiði sé stunduð á slíkum svæðum. Hins vegar liggur fyrir að laxastigi er í umræddri stíflu sem aftur leiðir til þess, með hliðsjón af ákvæði 23. gr. fyrrgreindra laga, að stangveiðar eru óheimilar 30 m neðan hans og 20 m fyrir ofan. Þá hefur, eins og áður hefur verið rakið, verið í gildi bann við netaveiðum í Laxá á Ásum allt frá árinu 1940. Þar sem ekki þykir

nægilega í ljós leitt að eigendur Hamrakots hafi orðið fyrir tjóni vegna veiðibanns á þessu svæði verður ekki fallist á kröfu þeirra um úthlutun sérstakra arðseininga vegna þessa.

Mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á skilagreinum frá veiðifélaginu um skiptingu laxveiði eftir einstökum veiðistöðum vegna árána 1994 til 2010, að báðum árum meðtöldum, en undanskildu árinu 1997. Á framangreindu tímabili voru 10.946 laxar skráðir veiddir á tilgreindan veiðistað. Auk þessa voru 205 laxar skráðir veiddir án tilgreiningar á veiðistað. Afli sem ekki er skráður eftir veiðistöðum er ekki talinn með og hefur því ekkert vægi til arðs. Hver jörð nýtur þessarar veiði sem skráð er fyrir landi hennar, en veiði á miðmiðunarárum matsins skiptist með eftirgreindum hætti: Hjaltabakki 19,44%, Húnsstaðir 8,04%, Holt/Árholt 16,89%, Laxholt 9,03%, Hnjúkar 0,37%, Sauðanes/Röðull/Laxabrekka/Mánafoos 37,38% og Hurðarbak/Hurðarbak II 8,85%.

Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 4.740 einingum milli veiðiréttareigenda við Laxá á Ásum í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði.

### **7.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns**

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Meðal þeirra gagna sem matsnefnd fékk í hendur við vinnu sína er skrá um landlengd jarða við Laxá á Ásum, sem unnin var af Kristjáni Eymundssyni hjá Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda í mars 2009. Í greinargerð hans með mælingunni kemur fram að stuðst hafi verið við loftmyndagrunn Loftmynda ehf., en myndirnar hafi verið teknar á árinu 1999. Hafi verið farið með GPS-tæki á árbakka á landamerkjum og teknir þar punktar. Þeim punktum hafi verið hliðrað út í miðja á. Hafi bakkalengd síðan verið mæld eftir hnitsettri loftmynd á milli landamerkjapunkta og mæld miðlína meginstraums. Að framkominni athugasemd frá eiganda Hjaltabakka, og með hliðsjón af orðalagi ákv. b-liðs 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um að við úthlutun arðs skuli taka tillit til landlengdar að veiðivatni, var ákveðið að láta mæla bakkann sjálfan í stað miðlínu meginstraums. Annaðist Kristján Eymundsson það verk í ágústmánuði 2010. Reyndist bakkalengd árinna, frá mörkum hennar gagnvart sameiginlegu ósasvæði upp að stíflu við Laxárvatn, samtals 31.456 m. Rafveituskurður mældist 2.205 m og tólf hólmar í ánni mældust samtals 2.895 m.

Í greinargerðum eiganda Hjaltabakka var sett fram sú krafa að fram færi ný mæling á landlengd Hjaltabakka á sameiginlegu ósasvæði Laxár á Ásum og

Vatnsdalsár. Féllst matsnefnd á þetta og leitaði eftir því við Kristján Eymundsson að hann mældi landlengd sérstaklega á því svæði, annars vegar vestan megin, frá ósi í sjó að þeirri markalínu milli jarðanna Þingeyra og Hjaltabakka sem lögð var til grundvallar í gildandi yfirmatsgerð, við efri enda Hjaltabakkahólma, og hins vegar að austanverðu, frá ósi í sjó allt að efri mörkum hins sameiginlega ósasvæðis gagnvart Laxá á Ásum og þaðan að mörkum jarðanna Skinnastaða og Akurs. Með tilliti til þess ágreinings sem uppi er milli eigenda jarðanna Þingeyra og Hjaltabakka um mörk jarðanna var og mælt í samræmi við kröfur eiganda Þingeyra um mörkin á þessu svæði. Framangreind mæling á hinu sameiginlega ósasvæði fór fram um stórstraumsflæði, dagana 9. og 10. september 2010, með hliðsjón af þeirri skilgreiningu sem fram kemur í 6. tl. 3. gr. laga nr. 61/2006 á því hvað telst vera bakki. Viðstaddir mælinguna voru matsnefndarmenn auk umboðsmanna eigenda jarðanna Þingeyra og Hjaltabakka. Mældist lengd bakka á ósasvæðinu samtals 7.255 m, miðað við landamerki samkvæmt kröfugerð Hjaltabakka, en 6.994 m miðað við kröfugerð Þingeyra. Bakkalengd Hjaltabakkahólma var mæld nokkrum dögum síðar og mældist hún 1.752 m, en miðað við kröfugerð Þingeyra féllu 443 m þar af í hlut þeirrar jarðar. Hólmi sem merktur er A mældist vera 370 m.

Fyrir liggur að útfall Vatnsdalsár og Laxár á Ásum til sjávar hefur síðustu áratugin verið breytingum háð og hefur það færst allnokkuð í austur frá því á árinu 1995. Telur matsnefnd engin rök hníga til annars en að landlengd Hjaltabakka miðist í mati þessu við staðsetningu útfallsins þegar framangreind mæling fór fram.

Í matsgerð vegna arðskrár Vatnsdalsár hefur matsnefndin komist að þeirri niðurstöðu, vegna ágreinings um mörk jarðanna Þingeyra og Hjaltabakka, að landlengd skuli þar miðuð við sömu mörk og í yfirmatsgerð vegna Vatnsdalsár frá árinu 1996, enda liggja ekki fyrir gögn sem séu þess eðlis að rétt sé að hreyfa við fyrri niðurstöðu að þessu leyti. Samkvæmt því verður landlengd jarðanna tveggja miðuð við sömu mörk sem fyrr, rétt vestan Hjaltabakkahólma. Með hliðsjón af því verður á sama hátt í matsgerð þessari miðað við þá niðurstöðu við ákvörðun landlengdar.

Eins og að framan getur voru mældir sérstaklega tveir hólmar á hinu sameiginlega ósasvæði, Hjaltabakkahólmi og hólmi sem merktur er sem hólmi A í mælingagögnum. Þá voru og mældir 12 hólmar í Laxá sem merktir eru sem hólmar nr. H1 til H12. Við mat á vægi bakkalengdar á svæðum þar sem ár kvíslast um hólma miðar matsnefnd almennt við að bakkalengd kvísla skuli samtals hafa jafn mikið vægi og væri ef áin rynni á þeim stað í einni kvísl. Af því leiðir að liggja

ekki sannanlega fyrir að hólmi sé séreign landeiganda öðrum megin ár verður útkoman hin sama hvort sem hólminn er tekinn með í mælingu eða ekki, enda lítur matsnefnd svo á að hólminn teljist þá sameign landeigenda beggja vegna árinna. Með hliðsjón af þessu verður í mati þessu ekki byggt sérstaklega á landlengd framangreindra hólma að undanskildum Hjaltabakkahólma sem hefur þar sérstöðu vegna stærðar og eignarhalds. Þá telur nefndin ekki efni til þess, með hliðsjón af stærð þeirra hólma sem í ánni eru, að gefa bökkum við þá mismikið vægi með tilliti til vatnsmagns.

Eigandi Hjaltabakka gerir kröfu um að jörðinni verði ákveðin „aukin hlutdeild landlengdar vegna 4 sláttuhólma neðan Krókhyls sbr. landamerkjaskrá“. Vísar eigandinn í því sambandi til þess að í landamerkjaskrá jarðarinnar frá árinu 1891 komi fram að hólmar þessir séu séreign eiganda Hjaltabakka. Er kröfugerð eigandans með mismunandi hætti vegna hvers þessara hólma fyrir sig með tilliti til landháttar, eins og nánar er lýst í kafla 6.1 hér að framan. Þannig telur hann Hjaltabakka eiga 75% af landlengd vegna tveggja efri hólmannanna í stað 50% eins og hingað til hefur verið lagt til grundvallar, en 100% af landlengd og veiði vegna tveggja hólma sem eigandinn kveður hafa verið sunnan við „Svartabakka“, en séu nú horfnir (landfastir) vegna framkvæmda á vegum veiðifélags árinna. Vísar eigandinn í því sambandi til þess að tvær syðri kvíslarnar hafi verið stíflaðar með varnargarði fyrir nokkrum áratugum og renni Laxá því nú að öllu leyti „í landi Hjaltabakka ofan við Svartabakka og niður að Reiðhólshyl“. Af hálfu eigenda jarðarinnar Laxholts hefur þessum kröfum og sjónarmiðum verið mótmælt, eins og rakið er í kafla 6.3. Þrátt fyrir að tilgreint sé í landamerkjabréfi fyrir Hjaltabakka að umræddir fjórir hólmar teljist séreign eiganda jarðarinnar þá liggur fyrir að bréfið var ekki áritað um samþykki af eiganda jarðar handan árinna, sem mun á þeim tíma hafa verið jörðin Holt, en er nú hluti jarðarinnar Laxholts. Í landamerkjabréfi Holts segir að Laxá ráði þarna merkjum. Þar sem engin önnur gögn hafa verið lögð fyrir matsnefnd sem sýna ótvírætt fram á að hólmar þessir hafi talist séreign eiganda Hjaltabakka verður lagt til grundvallar í mati þessu að þeir teljist í óskiptri sameign milli jarðanna. Ágreiningslaust virðist að tveir neðstu hólmanir sem um ræðir, á móts við veiðistað nr. 40, Sandbakka (Svartabakka neðri), séu nú landfastir og rennur áin þar nú í einni kvísl, Hjaltabakkamegin. Með hliðsjón af þessu telur matsnefnd rétt að Hjaltabakki fái 75% bakkalengdareininga á 480 m bakka á þessu svæði en Laxholt 25%. Þá skiptist veiði í veiðistaðnum Sandbakka (Svartabakka neðri) milli jarðanna í sömu hlutföllum. Hins vegar verða ekki taldar forsendur fyrir öðru en að hlutdeild í bakkalengd skiptist jafnt við aðra hólma á svæðinu.

Eigandi Hjaltabakka krefst þess að jörðin fái í sinn hlut 100% mældrar landlengdar við eyju neðan veiðistaðarins Gilfljóts. Vísar hann til þess að veiðifélag árið hafi þar staðið fyrir framkvæmdum sem hafi leitt til þess að árfarvegur syðri kvíslar árið hafi þornað upp í meðalrennsli. Telur hann ána renna nú að öllu leyti í landi Hjaltabakka þar sem miðlína eyjunnar skipti merkjum. Eigandi Húnsstaða hefur mótmælt þessari kröfu en segir tilgang framkvæmdarinnar hafa verið „að tryggja nægilegt vatnsmagn svo laxinn gæti á öllum stundum gengið upp ána“. Eftir að hafa skoðað aðstæður á vettvangi er það mat nefndarinnar að rennsli árið sé meira í kvíslinni Hjaltabakkamegin. Þar sem Laxá skiptir merkjum á milli framangreindra tveggja jarða, og þar sem ekkert er fram komið um að eyjan teljist vera séreign annars hvors landeigandans, eða að henni hafi verið skipt á milli þeirra með einhverjum hætti, verður að líta svo á að hún sé í óskiptri sameign þeirra. Að því virtu, sem og því sem að framan er rakið um að ekki sé talin ástæða til að gefa bökkum við hólma í ánni mismikið vægi með tilliti til vatnsmagns, verður vægi bakka á umræddu svæði ákvarðað óbreytt.

Við mat á vægi landlengdar við úthlutun arðs er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert.

Þegar aðstæður allar eru vegnar saman með þau sjónarmið í huga sem að framan hafa verið rakin er það niðurstaða matsnefndar að bakkar Laxár á Ásum fái vægið 1,0, frá Laxárvatni að efri mörkum ósasvæðisins.

Þar sem ósasvæði árið er sameiginlegt með ósasvæði Vatnsdalsár, eins og áður var lýst í kafla 7.1 hér á undan, og með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem þar eru, telur matsnefnd rétt, við úthlutun eininga fyrir landlengd til jarða á því svæði, að taka, auk framangreindra sjónarmiða, mið af því hvaða leið ætla má að lax gangi í Laxá á Ásum. Ákvarðast vægi bakka á ósasvæðinu því með eftirgreindum hætti:

Bakki fyrir landi Húnsstaða, frá efri mörkum hins sameiginlega ósasvæðis að mörkum gagnvart Skinnastöðum, mælist 230 m og fær hann vægið 1,0.

Bakki í landi Skinnastaða mælist samtals 1.304 m. Bakki fyrstu 904 m, frá mörkum gagnvart Húnsstöðum, fær vægið 1,0 og bakki síðustu 400 m, að mörkum gagnvart Akri, fær vægið 0,25.

Frá mörkum hins sameiginlega ósasvæðis gagnvart Laxá á Ásum að suðurodda Granda mælist landlengd samtals 2.881 m. Með tilliti til legu mælds bakka á svæðinu, og þeirra breytinga er þar verða við sjávarföll, en sjór flæmist þar yfir mikið svæði sem erfitt verður yfirferðar, fá bakkar þessir vægið 0,5.

Bakkar frá suðurodda Granda að Húnaósi mælast samtals 1.006 m og fá þeir vægið 1,0.

Hjaltabakkahólmi er mældur 1.752 m að ummáli. Fá 700 m af bakkalengd hólman austanmegin vægið 0,75, en bakkar hans að öðru leyti vægið 0,25.

Vesturbakki hins sameiginlega ósasvæðis, frá Húnaósi að mörkum Hjaltabakka og Þingeyra, mælist samtals 1.834 m. Fær bakki fyrstu 1.073 m frá ósi vægið 0,5 en að öðru leyti vægið 0,25.

Ekki er úthlutað sérstökum einingum vegna bakka á ósasvæðinu að öðru leyti né vegna bakka hólma sem merktur er A.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 3.300 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd.

#### **7.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði**

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Taka ber tillit til þessa þáttar við gerð arðskrár skv. c-lið 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 og hefur við mat hans verið stuðst við mat starfsmanna Veiðimálastofnunar á búsvæðum viðkomandi vatnasvæðis.

Fyrir liggur skýrsla Bjarna Jónssonar og Eikar Elfarsdóttur, starfsmanna Veiðimálastofnunar, frá því í maí 2010 sem ber heitið Uppfært mat á búsvæðum laxaseiða í Laxá á Ásum, VMST/10033. Kemur þar fram að Veiðimálastofnun hafi þróað kerfi til að meta búsvæði seiða í ám með tilliti til grófleika botns með svokölluðu botnmati. Mikilvægt sé þó að horfa samhliða til fleiri umhverfisþátta við mat á gæðum svæða eins og til dæmis leiðni, straumhraða, hæðar yfir sjávarmáli, nálægðar við sjó og samkeppni milli tegunda. Fram kemur í skýrslunni

að botnmat Laxár á Ásum hafi farið fram í ágúst 2000 og um vorið 2002. Við matið hafi ánni verið skipt upp í þrjú meginsvæði sem aftur hafi verið skipt í 39 nokkuð einsleita kafla þar sem botngerð og rennslíshættir hafi verið með svipuðum hætti. Á hverjum kafla hafi verið tekin þversnið þar sem botngerð hafi verið metin og skipt í flokka eftir kornastærð auk þess sem breidd og dýpi árinna hafi verið skráð. Var hverjum flokki gefið svokallað botngildi eftir því hversu heppileg botngerðin telst til uppeldis seiða. Gæði botns hafi verið metin mest þar sem mikið sé um smágrýti, botngildi 0,55, en lægst þar sem leir og sandur sé í botni, botngildi 0,02. Við útreikninga á gæðum búsvæðanna hafi sá hundraðshluti sem hver kornastærð fékk á hverju kafla verið margfaldaður með botngildi hvers botngerðarflokks og margfeldi botngilda og hundraðshluta síðan lagt saman fyrir hvern kafla og þá fengist svokallað framleiðslugildi fyrir kaflann. Framleiðslugildið hafi verið margfaldað með stærð botnflatar og deilt í með 1000 og þannig fengist fjöldi framleiðslueininga kaflans.

Ekki liggur fyrir sérstakt búsvæðamat vegna Húnavatns en rannsóknir munu hafa verið þar takmarkaðar. Í upplýsingaskýrslu Sigurðar Guðjónssonar hjá Veiðimálastofnun, dags. 28. september 2010, um gildi Húnavatns fyrir uppeldi á laxfiskum, kemur meðal annars fram að þar sem seltu gæti í vatninu hafi það ekki gildi sem uppeldissvæði fyrir laxfiska fyrr en þeir nái einhverjum sjóþroska. Rannsóknir hafi sýnt að gönguseiði á leið til sjávar stoppi um stund í ósum en haldi síðan rakið til hafs. Vera kunnir að það sé hagfelld fyrir laxaseiði að staldra þar við en einnig geti verið að silungur í Húnavatni veiði sér laxaseiði til matar og sé þá Húnavatn óhagfelld laxinum svo fremi sem þetta afrán sé meira en við megi búast af sjávarfiskum og öðrum sjávardýrum utan við ósa. Um þetta sé ekkert vitað en ekki sé ólíklegt að Húnavatn nýtist niðurgöngulaxi til að jafna sig áður en hann haldi til sjávar og sé sá fiskur það stór að afræningjar hans séu fáir.

Eins og fram kemur í kafla 6.1 hér að framan hefur eigandi Hjaltabakka gagnrýnt í ítarlegu máli matsaðferðir og niðurstöður í búsvæðamatsskýrslum Veiðimálastofnunar. Í tilefni af þessu voru Veiðimálastofnun kynntar fram komnar athugasemdir og í bréfi forstjóra stofnunarinnar, dags. 19. maí 2011, kemur meðal annars fram að seiðamælingar og búsvæðamat stofnunarinnar séu staðlaðar aðferðir. Hafi aðferðafræðin verið birt í ritrýndum vísindatímaritum og sé ekki hægt að fá betri viðurkenningu á vísindalegum vinnubrögðum. Þá hafi í Laxá á Ásum verið bætt við mælingum umfram staðla vegna þess hve áin breyti oft um straumlag og séu mælingarnar því mjög vandaðar. Rétt sé sú staðhæfing talsmanns Hjaltabakka að ekki hafi verið tekið tillit til hæðar yfir sjó eða frjósemi í búsvæðamatinu, enda sé það sérstaklega tekið fram í aðferðalýsingu matsins. Hins vegar komi slíkt ekki að sök þegar verið sé að meta tiltölulega stutta á sem sé



öll undir 100 m hæð yfir sjó og því ekki marktækur munur á ánni efst og neðst. Ekki hafi heldur verið hægt að greina mun á vexti seiða efst og neðst í ánni í þeim seiðarannsóknnum sem til séu yfir langt árabil, né heldur mun á þeim aldri sem seiði nái sjógönguþroska. Vegna gagnrýni talsmanns Hjaltabakka á að ósasvæði Laxár hafi verið lágt metið sem uppeldissvæði er í bréfinu ítrekað að búsvæðamatið gefi slíkt til kynna og styðji seiðamælingar einnig þá niðurstöðu. Þá sé við það að bæta að rafveitt hafi verið á síðasta ári á ósasvæðinu í leit að flundru og hafi niðurstöður þeirra mælinga stutt fyrra álit um gildi svæðisins sem uppeldissvæðis. Hins vegar sé rétt, eins og rakið hefur verið, að ósasvæði eins og hér um ræðir geti verið mjög mikilvæg seiðum sem gangi þar um á leið sinni til sjávar. Frekari rannsóknir skorti þó, og þar með þekkingu, til að fullyrða um vægi Húnavatns að þessu leyti umfram það sem fram komi í áður tilvitnuðu bréfi.

Eins og áður segir hefur matsnefnd í fyrri matsgerðum stuðst við búsvæðamöt Veiðimálastofnunar við úthlutun eininga vegna þessa matsþáttar. Verður ekki annað séð en að fyrirliggjandi búsvæðamat sé unnið á hlutlægum og vísindalegum grundvelli og sé í öllu tilliti sambærilegt við þau mót er matsnefnd hefur horft til vegna fyrri matsgerða. Þykja því ekki næg efni til annars en að byggja á umræddu búsvæðamati við mat á þessum þætti auk þess að hafa til hliðsjónar framangreinda umsögn stofnunarinnar um gildi Húnavatns í þessu tilliti.

Að ósk matsnefndar útbjó Veiðimálastofnun yfirlit yfir fjölda metinna framleiðslueininga innan landamerkjja hveirrar jarðar og liggur það fyrir í bréfi, dags. 9. júní 2010. Samkvæmt skýrslunni eru framleiðslueiningar árinna alls 9.593 og skiptast þær í eftirgreindum hlutföllum á milli jarða: Hamrakot 0,5%, Hurðarbak II 3,7%, Hurðarbak 5,2%, Holt/Árholt 20,0%, Laxholt 11,5%, Sauðanes 29,5%, Húnsstaðir 7,0%, Skinnastaðir 0,1%, Hnjúkar 1,2% og Hjaltabakki 21,3%.

Niðurstaða matsnefndar er að leggja beri ofangreinda skiptingu framleiðslueininga á jarðir til grundvallar við úthlutun eininga vegna uppeldis- og hrygningarskilyrða. Telur nefndin hæfilegt að skipta 1.600 einingum milli veiðiréttareigenda vegna þessa þáttar í þeim hlutföllum sem að framan greinir.

Með hliðsjón af því sem framan hefur verið rakið um gildi Húnavatns vegna þessa matsþáttar telur matsnefnd rétt að úthluta 20 einingum til eigenda jarðanna Hjaltabakka, Húnsstaða og Skinnastaða með tilliti til landlengdar jarðanna við Húnavatn.

## **8. Aðrar kröfur**

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari fyrir Laxá á Ásum umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum er hafnað. Einnig skal tekið fram að komið hafa fram kröfur af ýmsum toga, sem sumar hverjar falla ekki undir matsgerð þessa um skiptingu arðs. Verða þær kröfur ekki teknar til úrlausnar en það útilokar þó ekki að viðkomandi geti borið þær sjálfstætt undir nefndina og að mál þar um verði þá rekið sem sjálfstætt matsmál.

## **9. Kostnaður, gildistaka o.fl.**

Allur kostnaður af mati þessu, 9.228.853 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Laxár á Ásum og rennur hann í ríkissjóð.

Vinna vegna matsgerðar þessarar hefur tafist nokkuð, m.a. vegna umfangsmikillar gagnaöflunar, rannsóknarvinnu í máli þessu auk vinnu nefndarinnar við önnur matsmál sem til meðferðar eru.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

## Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Skinnastaðir	131
Hjaltaþakki	2.603
Húnsstaðir	860
Holt	1.466
Árholt	147
Laxholt	937
Hnjúkar	73
Sauðanes	2.934
Hurðarbak I	413
Hurðarbak II	413
Hamrakot	23
<b><u>Samtals</u></b>	<b><u>10.000</u></b>



**Örlýgur Hnefill Jónsson**



**Asgeir Magnússon**



**Þorgils Torfi Jónsson**

## Gögn til afnota við matsgerð

### A. Gögn um veiði

1. Laxveiði í Laxá á Ásum árin 1999-2008.
2. Skilagrein, skipting veiði í Laxá á Ásum eftir veiðistöðum árin 1994-2010, VMST-G/11003.
3. Laxá á Ásum 1996, yfirlit um veiði, þyngd, veiðistaði, ár í sjó o.fl.

### B. Gögn um land og búsvæði

1. Mat á búsvæðum laxaseiða í Laxá á Ásum, júlí 2002, VMST-N/0210.
2. Uppfært mat á búsvæðum laxaseiða í Laxá á Ásum, maí 2010, VMST/10033.
3. Rannsóknir á seiðastofnum í Laxá á Ásum árið 2005, VMST-N/0506.
4. Rannsóknir á seiðastofnum í Laxá á Ásum árið 2006, VMST-N/0606.
5. Rannsóknir á seiðastofnum í Laxá á Ásum árið 2007, VMST-N/08014.
6. Botnmat Laxár á Ásum út frá landamerkjum, dags. 9. júní 2010.
7. Gildi Húnavatns fyrir uppeldi á laxfiskum, Veiðimálastofnun, dags. 28. september 2010.
8. Greinargerð Veiðimálastofnunar, dags. 19. maí 2011, vegna aðfinnslna eiganda Hjaltabakka við búsvæðamat.
9. Greinargerð Kristjáns Eymundssonar, dags. 13. mars 2009, ásamt mælingum á bakkalengd Laxár á Ásum.
10. Tölvupóstur Kristjáns Eymundssonar, dags. 11. ágúst 2010, ásamt mælingum á bakkalengd.
11. Mæling bakkalengdar á ósasvæði september 2010 og Laxá á Ásum ágúst 2010.
12. Tölvupóstur Kristjáns Eymundssonar, dags. 14. október 2010.
13. Bréf Kristjáns Eymundssonar ásamt yfirliti um bakkalengdarmælingar, dags. 18. október 2010.
14. Greinargerð Kristjáns Eymundssonar vegna mælinga á bakkalengd Laxár á Ásum og ósasvæði, dags. 8. desember 2010, ásamt mynd af ósasvæðinu með landlengdartölum.
15. Skrá um jarðir og eigendur í Veiðifélagi Laxár á Ásum.
16. Skrá um veiðistaði í Laxá á Ásum og skiptingu milli jarða.
17. Veiðikort fyrir Laxá á Ásum.
18. Ljósrit landamerkjabréfa fyrir kirkjujörðina Hjaltabakka, dags. mars 1889.
19. Ljósrit landamerkjabréfa vegna Holts.
20. Vatnamælingar úr Fremri-Laxá.
21. Vatnamælingar úr Vatnsdalsá.

### C. Arðskrár, mót

1. Mat yfirmatsnefndar, dags. 7. október 1994.
2. Matsgerð um ós Laxár á Ásum, dags. 16. september 1991.

### D. Bréf/greinargerðir frá eigendum/talsmönnum veiðiréttar

1. Bréf Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 9. febrúar 2009.
2. Bréf Páls Þórðarsonar vegna Sauðaness, dags. 18. mars 2009.
3. Bréf Skarphéðins Péturssonar hrl., f.h. veiðiréttarhafa jarðarinnar Hjaltabakka, dags. 23. mars 2009.
4. Greinargerð Hólmgeirs E. Flosasonar, f.h. eigenda Hamrakots, dags. 26. mars 2009.
5. Bréf Ívars Pálssonar, f.h. eigenda Laxabrekku og Sauðaness, dags. 31. mars 2009.
6. Bréf Kristjáns Sigfússonar, Húnsstöðum, dags. 3. apríl 2009.
7. Bréf frá Skarphéðni Péturssyni hrl., f.h. eiganda Hjaltabakka, dags. 3. apríl 2009.
8. Bréf Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 15. apríl 2009.
9. Greinargerð eiganda Hjaltabakka, dags. 25. apríl 2009.
10. Tölvupóstur Kristínar Breiðfjörð Kristinsdóttur, dags. 10. maí 2009.

11. Bréf eigenda Hamrakots, dags. 11. maí 2009.
12. Bréf Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 19. júní 2009.
13. Minnisblað Odds C. G. Hjaltasonar um vettvangsskoðun 25.08.2009, dags. 10. september 2009.
14. Bréf Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 13. maí 2010.
15. Tölvupóstur Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 26. september 2010, ásamt myndum.
16. Minnisblað II, mæling á landlengd við Laxá á Ásum og ósasvæði Húnavatns. Oddur C. G. Hjaltason, dags. 5. nóvember 2010.
17. Bréf Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 10. nóvember 2010, ásamt örnefnaskrá og samantekt úr veiðiskýrslum.
18. Bréf Þ. Skorra Steingrímssonar hdl. vegna Húnsstaða, dags. 29. nóvember 2010.
19. Bréf Karls Axelssonar hrl. vegna Laxholts, dags. 12. desember 2010.
20. Minnisblað III, upplýsingar og gögn frá matsnefnd. Oddur C. G. Hjaltason, dags. 17. janúar 2011.
21. Bréf Páls Á. Jónssonar, f.h. eigenda Sauðaness, Röðuls, Mánafoos og Laxabrekku, dags. 18. janúar 2011.
22. Minnisblað IV, ný arðskrármöt fyrir Laxá á Ásum og Vatnsdalsá. Oddur C. G. Hjaltason, dags. 10. febrúar 2011.
23. Bréf Jóns Ólafs Ísberg vegna Laxholts, dags. 15. mars 2011.

#### **E. Bréf, fundargerðir, samþykktir, leigusamningar o.fl.**

1. Matsbeiðni formanns Veiðifélags Laxár á Ásum, dags. 30. október 2007, ásamt afriti af bréfi eiganda Hjaltabakka.
2. Fundargerð matsnefndar, dags. 17. janúar 2009.
3. Bréf frá Oddi C. G. Hjaltasyni vegna Hjaltabakka, dags. 9. febrúar 2009.
4. Afrit bréfs matsnefndar til Odds C. G. Hjaltasonar vegna Hjaltabakka, dags. 24. febrúar 2009.
5. Tölvupóstur formanns veiðifélagsins, dags. 12. maí 2009.
6. Tölvupóstur Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 13. maí 2009.
7. Afrit bréfs matsnefndar til veiðiréttareigenda vegna vettvangsgöngu, dags. 5. ágúst 2009.
8. Afrit bréfs matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 13. apríl 2010.
9. Afrit bréfs matsnefndar til Veiðimálastofnunar, dags. 25. maí 2010.
10. Afrit bréfs matsnefndar til Landmælinga Íslands, dags. 25. maí 2010.
11. Tölvupóstur Landmælinga Íslands, dags. 14. júlí 2010.
12. Afrit bréfs matsnefndar til Kristjáns Eymundssonar, dags. 15. júlí 2010.
13. Afrit bréfs matsnefndar til Veiðimálastofnunar, dags. 16. ágúst 2010.
14. Afrit bréfs matsnefndar til Kristjáns Eymundssonar, dags. 16. ágúst 2010.
15. Afrit bréfs matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 30. ágúst 2010.
16. Tölvupóstur form. Veiðifélags Vatnsdalsár til matsnefndar, dags. 3. september 2010.
17. Tölvupóstur Odds C. G. Hjaltasonar, dags. 10. október 2010.
18. Tölvupóstur matsnefndar til Veiðimálastofnunar vegna veiðitalna, dags. 6. desember 2010.
19. Tölvupóstur frá Sigurði Guðjónssyni, forstj. Veiðimálastofnunar, dags. 8. desember 2010.
20. Afrit bréfs matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 15. desember 2010.
21. Tölvupóstur Veiðimálastofnunar, dags. 15. febrúar 2011.
22. Afrit bréfs matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 24. febrúar 2011.
23. Tölvupóstur matsnefndar til Vatnamælinga Íslands, dags. 14. apríl 2011, ásamt svarpósti, dags. 14. apríl 2011.
24. Afrit bréfs matsnefndar til stjórnar veiðifélagsins, dags. 19. apríl 2011.
25. Afrit bréfs matsnefndar til stjórnar veiðifélagsins, dags. 2. maí 2011.
26. Bréf stjórnar veiðifélagsins vegna framkvæmda við ána, dags. 3. maí 2011.
27. Tölvupóstur stjórnar veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 12. maí 2011.
28. Tölvupóstur frá Oddi C. G. Hjaltasyni vegna ósasvæðis, dags. 29. júní 2011.
29. Tölvupóstur Veiðimálastofnunar, dags. 4. júlí 2011.

30. Samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum nr. 390/2008.
31. Samningur um leigu stangveiðiréttar í Laxá á Ásum vegna 2007-2009, ódags.
32. Samningur um leigu stangveiðiréttar í Laxá á Ásum, dags. 5. janúar 2010.
33. Ársreikningur 2008 fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum.
34. Ársreikningur 2009 fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum.
35. Ársreikningur 2010 fyrir Veiðifélag Laxár á Ásum.
36. Ljósrit úr þinglýsingabókum varðandi jörðina Hurðarbak.
37. Tölvupóstur form. Veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 2. ágúst 2011.
38. Tölvupóstur form. Veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 2. ágúst 2011.